
Staða sjálfstætt starfandi innan skapandi greina á Íslandi

Heiða Björk Þórbergsdóttir



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

Inngangur

Skapandi greinar fá sífellt meira pláss í umræðu um störf framtíðar. Starfsumhverfi skapandi einstaklinga er hins vegar æði misjafnt en í dag eru skapandi greinar skilgreindar sem ein af undirstöðu atvinnuvegum þjóðarinnar.

Í þessari úttekt er farið yfir skilgreiningar skapandi greina í nokkrum vestrænum ríkjum og stöðu greinanna hér á landi sem og hugtakið sjálfstætt starfandi eða einyrki. Þó nokkuð hefur borið á orðinu *Gigg* og *gigg hagkerfi* undanfarin ár en í þessari skýrslu er einnig farið yfir helstu skilgreiningar á því hvað er að vera gígari í ólíkum löndum og hvað gíg hagkerfið er og hvaða atriði þarf að skoða í sambandi við áframhaldandi þróun þessa hagkerfis með tilliti til þeirra sem starfa sjálfstætt innan skapandi greina, s.s. til að tryggja þeim betra og öruggara starfsumhverfi.

Við framkvæmd úttektarinnar var megin dleg spurningakönnun á starfsumhverfi sjálfstætt starfandi innan skapandi greina unnin með það að markmiði að varpa ljósi á starfsumhverfi sem og opinber réttindi þeirra. Könnunin sem samanstóð af 18 spurningum var rafræn og opin í fjórar vikur, frá ágúst og fram í september. Alls bárust svör frá félagsmönnum í sex mismunandi fagfélögum innan skapandi greina. Niðurstöður könnunarinnar sýna svo ekki sé um villst að brýn þörf er á að tryggja að nýir menningarvísar Hagstofu Íslands verði endurskoðaðir með tilliti til þess að ná betur utan um þann stóra hóp innan skapandi greina sem starfa sjálfstætt eða sem einyrkjar. Aðgengi að tölfræðilegum gögnum til að varpa ljósi á virði starfa sjálfstætt starfandi, sérstaklega þegar hópurinn er eins stór og niðurstöður könnunarinnar gefa til kynna, er mjög mikilvægt. Þá er ekki síður mikilvægt að rýna heildstætt starfsumhverfi sjálfstætt starfandi/einyrkja innan skapandi greina, bæði með tilliti til núverandi laga og með tilliti til þeirra breytinga sem eru að eiga sér stað með stækkun gíg hagkerfisins svokallaða og auknum stafrænum áherslum.

Efnisyfirlit

Skilgreiningar á hugtakinu skapandi greinar	1
Ísland.....	1
Evrópusambandið	2
Ástralía.....	2
Bretland.....	2
Framfara- og efnahagsstofnunin (OECD)	3
Staða skapandi greina á Íslandi.....	3
Skilgreining á hugtakinu sjálfstætt starfandi	4
Efnahags- og framfarastofnunin (OECD).....	4
Evrópusambandið	4
Bretland.....	5
Ísland.....	6
Gigg hagkerfið	7
Giggari	7
Breytt starfsumhverfi	8
Starfsumhverfi sjálfstætt starfandi.....	10
Reglur um reiknað endurgjald	10
Atvinnuleysisbóta- og fæðingarorlofsréttur sjálfstætt starfandi/einyrkja	11
Félagaform rekstraraðila.....	12
Einstaklingsfyrirtæki.....	12
Samlags- eða sameignarfélag	13
Einkahlutafélag.....	14
Munur á einkarekstri, samlagsformi og einkahlutafélagi	15
Starfsumhverfi starfandi í skapandi greinum.....	16
Markmið og framkvæmd	16
Vankantar á spurningakönnun	16
Þýði og svarhlutfall.....	17
Greining gagna.....	19
Niðurstöður	34
Heimildaskrá.....	41

Myndaskrá

Mynd 1: Þróun starfrænna starfsvettvanga innan ólíkar atvinnugreina frá 2000-2020	9
Mynd 2: Starfar þú innan skapandi greina?	19
Mynd 3: Ert þú í starfi eða hefur verið sl. 12 mánuði?	19
Mynd 4: Hvert er starfshlutfall þitt innan skapandi greina?	20
Mynd 5: Hvert er þitt aðalstarf innan skapandi greina?	21
Mynd 6: Hver er staða þín á vinnumarkaði?	22
Mynd 7: Hvernig er rekstrarformi þínu háttað?	23
Mynd 8: Hversu háar voru heildartekjur þínar sl.12 mánuði?	24
Mynd 9: Hvernig er launagreiðslum til þín háttað?	26
Mynd 10: Hvernig ákvarðar þú þá upphæð sem þú greiðir þér í laun?	278
Mynd 11: Greiðir þú í stéttarfélag?	28
Mynd 12: Greiðir þú í lífeyrissjóð?	28
Mynd 13: Greiðir þú í aukalífeyrissjóð?	29
Mynd 14: Sem sjálfstætt starfandi, hvaðan stundar þú vinnu?	29
Mynd 15: Sem sjálfstætt starfandi/einyrki, hvaðan færðu verkefni?	301
Mynd 16: Höfðu samkomutakmarkanir áhrif á tekjur þínar á tímum Covid 19?	31
Mynd 17: Hafðir þú rétt til atvinnuleysisbóta eða annara opinberrar fjárhagsaðstoðar?	31
Mynd 18: Aldur þátttakenda	322
Mynd 19: Kyn þátttakenda	32
Mynd 20: Búseta þátttakenda	33
Mynd 21: Menntunarstig þátttakenda	34

Skilgreiningar á hugtakinu skapandi greinar

Ísland

Samkvæmt menningar- og viðskiptaráðuneytinu eru skapandi greinar skilgreindar sem *starfsemi sem sprettur úr sköpunargleði, þekkingu og hæfileikum fólks og sem eflir velferð og eykur atvinnutækifæri með því að skapa og nýta þekkingarlegan auð. Undir það falla t.d. hönnunarmál, endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar, endurgreiðslur vegna tónlistarupptöku, hugverkastefna o.s.frv.* (Menningar- og viðskiptaráðuneytið, e.d.)

Skapandi greinar gegna samfélagslegu og menningarlegu hlutverki og eru öflugt hreyfiafl breytinga, hvort sem er af hálfu fyrirtækja eða einstaklinga, sem hvoru tveggja eru kjarni skapandi greina. Skapandi greinar sem hreyfiafl og auðgun menningararfs verður ekki metið til fjár en sannarlega felast ótal mörg sóknarfæri innan skapandi greina hvert sem litið er (Álfrún Pálsdóttir, 2021).

Árið 2011 kom út skýrslan, *Kortlagning á hagrænum áhrifum skapandi greina*. Í niðurstöðum hennar segir að skapandi greinar hafi allt í senn, menningarlegt gildi, hagrænt gildi, auki áhuga ferðamanna og bæti lífsgæði landsmanna (Margrét Sigurðardóttir og Tómas Young, 2011, bls. 5).

Samkvæmt Menningarvísunum Hagstofu Íslands, sem voru fyrst birtir í júlí 2021, eru eftirfarandi 10 atvinnugreinar menningar skilgreindar sem skapandi greinar; bókmenntir, fjölmiðlar, hönnun og arkitektúr, kvikmyndir og sjónvarp, listnám, menningararfur, myndlist, sviðslistir, tónlist og tölvuleikir, starfsemi listmunahúsa og listverkasala og hugbúnaður sem fellur í hliðarflokk tölvuleikjagerðar (Hagstofa Íslands, 2022). Hagstofan styðst við skilgreiningu Tölfræðistofnunar Evrópusambandsins, Eurostat, á skapandi greinum sem á ensku kallast *cultural employment*. Í næstu útgáfu Menningarvísa, sem verður gefin út 2023, er ráðgert að bæta við starfsemi auglýsingastofa (Erla Rún Guðmundsdóttir, 2022).

Samkvæmt bráðabirgðatölum Hagstofunnar fyrir árið 2021 starfa 14.600 einstaklingar innan menningargreina á Íslandi (Hagstofa Íslands, 2022), þar af voru 1.800 sem starfa í hlutastarfi (Hagstofa Íslands, 2020). Þeir sem starfa innan menningar samkvæmt ráðningasamningi og eru skilgreindir sem launafólk árið 2021 eru 9,300 á móti 3,300 sjálfstætt starfandi (Hagstofa Íslands, 2022).

Evrópusambandið

Samkvæmt Evrópusambandinu byggja menning og skapandi greinar starfsemi sína á listrænum eða menningarverðmætum eða annarri skapandi listrænni tjáningu. Starfsemin getur verið fólgin í þróun, sköpun, framleiðslu, miðlun og varðveislu vöru og þjónustu svo og skyld hlutverk eins og menntun eða stjórnun.

Fjöldi þeirra sem störfuðu í menningargreinum í löndum innan Evrópusambandsins árið 2021 er 7.363.200 (Eurostat, 2022) sem er um 10% starfandi innan sambandsins (Eurostat, 2022)

Ástralía

Ástralir eru frumkvöðlar þegar kemur að skilgreiningum og greiningu á efnahagslegum áhrifum skapandi greina. Í skilgreiningum þeirra á því hvaða greinar tilheyra skapandi greinum eru kvikmyndir, sjónvarp, útvarp, tónlist, sviðslistir, útgáfa, myndlist og skapandi þjónusta líkt og auglýsingar, markaðssetning, arkitektúr, hönnun, hugbúnaður og stafrænt efni. Árið 2021 störfuðu 5,9% af vinnuafli innan skapandi greina í Ástralíu (Stuart Cunningham, Scott Brook, Marion McCutcheon, 2022).

Bretland

Skapandi greinar voru kortlagaðar í Bretlandi árið 2001 sem greinar sem eiga uppruna sinn í einstaklingsbundinni sköpunargáfu, færni og hæfileikum og möguleikum á að skapa sér atvinnu. (Department for Digital, Culture, Media & Sport, 2001). Atvinnugreinarnar sem skilgreindar eru innan skapandi greina í Bretlandi eru auglýsingar og markaðsetning, arkitektúr, listrænt handverk, hönnun og fatahönnun, kvikmyndir og myndbönd, hugbúnaður og tölvuþjónusta, tónlist og sviðslistir, útgáfa, sjónvarp og útvarp.

Árið 2018 störfuðu 3.2 milljónir innan skapandi greina í Bretlandi. Þar af voru 32% af þeim sjálfstætt starfandi. Árið 2019 voru 95% fyrirtækja innan skapandi greina svokölluð örfyrirtæki, eða með færri en 10 starfsmenn, og 11.8% allra skráðra fyrirtækja voru í skapandi greinum (Nesta, 2022).

Framfara- og efnahagsstofnunin (OECD)

Skilgreining OECD á skapandi greinum er að þær feli meðal annars í sér menningararfleifð, arkitektúr, tónlist, lífandi flutning, útgáfu, lista- og fornmunasölu, list- og handverk, sjónvarp og útvarp, kvikmyndir og myndbandagerð, auglýsingar, hönnun tísku, tölvuleikja og hugbúnaðar ásamt upplýsingaþjónustu (Travkina & Proto, 2016). OECD hefur vakið athygli á því að erfitt geti reynst fyrir stefnumótendur að skilgreina mörk skapandi greina þar sem óáþreifanlegt umfang þeirra gæti víða. Sömuleiðis þarf að samþætta aðferðir við skilgreiningar til að átta sig á möguleikum greinanna til að skapa störf og bæta lífsgæði. Menning er órjúfanlegur hluti atvinnusköpunar, útflutnings og tekna sem og lífsgæða (Travkina & Proto, 2016).

Enn þann dag í dag er enginn ein algild skilgreining á skapandi greinum og enn er tekist á um skilgreinar þeirra innan landa OECD sem gerir rannsakanda erfiðara fyrir en ella að meta full áhrif greinanna. Þannig eru hagtölur og tölfræðileg gögn OECD landa ekki samanburðarhæf vegna skorts á sameiginlegum skilgreiningum og aðferðarfræði við virði mat greinanna. Til að mæla störf innan skapandi greina, menningarþátttöku, stærð fyrirtækja, nýsköpun og fjármögnun, hvort heldur sem fjármögnunin er opinber eða frá einkaaðilum, er nauðsynlegt að sameinast um skilgreiningar og aðferðarfræði.

Höfundar skýrslu sem gefin var út á vegum OECD árið 2022, telja að með bættum upplýsingum og gögnum sé hægt að ná meiri nákvæmni í tölfræði fyrir skapandi greinar. Þannig myndi aðgengi að fjögurra stafa NACE upplýsingum um skapandi starfsgreinar auðvelda alþjóðlegan samanburð, sem og fá betri mynd af tölfræði á svæði- og landsvísu. Einnig myndu betri gögn um óstöðluð ráðningarform, svo sem verktöku og störf sjálfboðaliða auka skilning á virkni greinanna enn betur (Lamia Kamal-Chaoui, 2022, bls. 20-21).

Staða skapandi greina á Íslandi

Eftir þingkosningar haustið 2021 var stofnað nýtt ráðuneyti, Menningar- og viðskiptaráðuneyti. Ráðuneytinu var falið að skapa menningarstarfi, viðskiptalífi og ferðaþjónustu umhverfi sem stuðlar að velsæld og verðmætasköpun fyrir samfélagið. Þann 1. febrúar 2022 hélt menningarmálaráðherra, Lilja Dögg Alfreðsdóttir, kynningu og fór yfir áherslur á hinu nýja ráðuneyti. Ferðaþjónusta er sú grein sem skilar hvað mestum gjaldeyrstekjum en þar á eftir koma skapandi greinar og hugverkadrifna hagkerfið. Samanlagt skila greinar hins nýja ráðuneytis 42% af gjaldeyrstekjum þjóðarbúsins og var grundvöllurinn fyrir því að búa til nýtt ráðuneyti sem sameinar báðar þessar atvinnugreinar, sem og viðskipti. Skilgreint markmið hins nýja ráðuneytis er að hækka sköpunarvísitölu Íslands og vinna með hagtölur til að ná árangri. Í

stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar segir sömuleiðis að menning og listir séu birtingamynd fjölbreytts og sterks samfélags og því vilja þau skapa ný tækifæri fyrir listamenn og búa til umhverfi sem stuðla að vexti og velsæld skapandi greina. Annað markmið ríkisstjórnarinnar er að fjölga störfum innan skapandi greina á kjörtímabilinu og bæta starfsumhverfi listamanna (Lilja Alfreðsdóttir, 2022).

Samkvæmt greiningu Bandalags Háskólamanna (BHM) frá árinu 2021 er langt í land að starfslaun listamanna fylgi eðlilegri launaþróun í landinu. Á tíu ára tímabili, 2011 til 2021, hækkuðu þau um 49% á meðan almenn launavísitala hækkaði um 96%. Upphæð starfslauna listamanna árið 2021 voru tæplega 410 þúsund krónur á mánuði, verktakagreiðsla sem er ætlað að standa undir 67% heildarvinnu listamanns. Eins og fram kemur í greiningu BHM hafa margir listamenn listnám á háskólastigi að baki og því eru störf þeirra langt frá því að vera metin til jafns á við aðra háskólamenntaða sérfræðinga þar sem meðallaun voru 855 þúsund krónur, eða 85% hærri (Greiningardeild BHM, 2021).

Skilgreining á hugtakinu sjálfstætt starfandi

Efnahags- og framfarastofnunin (OECD)

Skilgreining OECD á hugtakinu sjálfstætt starfandi er, vinnuveitandi sem starfar fyrir sjálfan sig og þeir sem starfa launalaust í samvinnurekstri eða hjá fjölskyldufyrirtæki. Skilgreining á ólaunuðu starfi í þágu samvinnureksturs eða fjölskyldufyrirtækis er að ekki er starfað eftir formlegum starfssamningi en föst upphæð er greidd reglulega og þeir deila tekjum sem fyrirtækin skapa. Einnig er tekið fram í útskýringum á skilgreiningunni að líta megi á sjálfstætt starfandi sem aðferð til að lifa af fyrir þá sem geta ekki fundið aðrar leiðir til að afla sér tekna. Skilgreiningin segir einnig að sjálfstætt starfandi hafi jafnvel þörf fyrir að sanna frumkvöðlaanda sinn eða svara þörf sinni fyrir að vera eigin yfirmaður (OECD data, 2021).

Evrópusambandið

Á vef Evrópusambandsins segir að sjálfstætt starfandi (self-employment) sé sá einstaklingur sem annað hvort stofnaði, einn eða í félagi með öðrum, rekstur löglegs fyrirtækis sem hann starfar hjá, hvort sem hann starfar eingöngu þar eða sé í öðru launuðu starfi (Migration and Home Affairs, 2022).

Örlítið ítarlegri skilgreiningu má finna á síðu Eurofound (European Foundation for the Improvement of Living and Working Conditions), þar sem segir að sjálfstætt starfandi séu þeir sem starfa við eigin rekstur, starfsemi eða búrekstur í þeim tilgangi að afla sér tekna og hafa ekki aðra starfsmenn. Sjálfstætt starfandi einstaklingur má einnig skilgreina sem þann sem er sjálfstæður launþegi, öfugt við þá einstaklinga sem þurfa að treysta á launagreiðslur frá atvinnurekendum (EurWork, 2019).

Alls voru rúmar 192 milljónir á vinnumarkaði innan ríkja Evrópusambandsins árið 2020 (D.Clark, 2022). Fjöldi sjálfstætt starfandi innan ríkja Evrópusambandsins var sömuleiðis áætlaður 19,2 milljónir árið 2020 sem er 10% af öllum starfandi einstaklingum (D.Clark, 2022).

Samkvæmt gögnum Eurostat, frá þriðja ársfjórðungi 2021, voru 13,2% á evrópskum vinnumarkaði á aldrinum 20-64 ára sjálfstætt starfandi, þar af voru um 9% einyrkjar, eða sjálfstætt starfandi án annarra starfsmanna. Samkvæmt sömu úttekt voru 13% starfandi á Íslandi sjálfstætt starfandi og þar af eru 9,2% einyrkjar, eða sjálfstætt starfandi án annarra starfsmanna (Eurostat, 2022).

Bretland

Verktökum og sjálfstætt starfandi hefur fjölgað mikið á Bretlandi á undanförunum áratug og eru orðnir 15% af vinnuafli, sem er hæsta hlutfall þar í landi í yfir 40 ár. Á sama tíma og einstaklingum sem vinna hefðbundna fimm daga vinnuviku, eða fullt starf fækkar, fjölga einstaklingum með takmörkuð réttindi en sveigjanlegan vinnutíma. Þó takmörkuð réttindi eigi ekki við um alla, einkenna verktaka, lág laun og takmörkuð réttindi hina nýju kynslóð sjálfstætt starfandi og sýna að þeir þéna 40% minna en meðal launþegi (Pat Conaty, Alex Bird, Cilla Ross, 2018, bls. 5).

Hér að neðan má sjá nokkur dæmi þess hvernig hugtakið *sjálfstætt starfandi* er skilgreint í Bretlandi, það er, ekki hið hefðbundna launasamband launamanns og vinnuveitenda:

Casual worker, íhlaupastarfsmaður, er oftast í árstíðarbundnum störfum en starfsmönnum sem stunda slíka vinnu hefur fækkað umtalsvert í Bretlandi síðasta áratuginn. Algeng störf sem flokka má undir íhlaupaverk eru kennslustörf, störf innan heilbrigðiskerfisins og í veitinga- og hótélbransans.

Zero hour worker mætti einnig kalla íhlaupastarfsmann en þessir starfsmenn fá engin loforð frá vinnuveitanda um fastan tímafjölda heldur eru til reiðu þegar kallið kemur. Fólki í

Þessum hópi hefur fjölgað hvað mest í Bretlandi á síðasta áratug, úr 70 þúsund árið 2006 í 810 þúsund árið 2016. Þessi hópur hefur að meðaltali 34% lægra tímakaup en almennur launþegi. Þessa starfsmenn má helst finna í veitinga- og hótélbransanum, heilbrigðiskerfinu, samgöngum og í störfum tengdum listum og menningu.

Self-employed eða sjálfstætt starfandi í Bretlandi árið 2016 voru með 40% lægri laun en meðallaun almennra launþega og hafði sú tala hækkað um 12% á 10 ára tímabili. Algengast er að sjálfstætt starfandi starfi í fjármálageiranum, byggingastarfsemi, samgöngum, listum eða veita faglega þjónustu, svo sem ráðgjafastörf (Pat Conaty, Alex Bird, Cilla Ross, 2018, bls. 12).

Ísland

Íslensk yfirvöld skilgreina sjálfstætt starfandi/einrykja eða verktaka sem sjálfstæða atvinnurekendur en ekki launamenn. Þeir njóta ekki réttinda almenns launamanns frá verkkaupa, svo sem orlofs, slysa- eða veikindaleyfa, né mótframlags í lífeyrissjóð. Sjálfstætt starfandi þurfa sjálfir að standa skil á launa- og rekstrartengdum gjöldum, svo sem tekjuskatti og tryggingagjaldi og þeim er skylt að greiða í lífeyrissjóð frá 16 til 70 ára. Við gjaldþrot verkkaupa eiga sjálfstætt starfandi ekki rétt á greiðslum úr ábyrgðasjóði launa og fá einungis atvinnuleysisbætur að uppfylltum skilyrðum. Til að öðlast þann rétt þarf launagreiðendaskrá þess sjálfstætt starfandi að hafa verið lokað hjá Skattinum og gjöld af tryggingagjaldi og staðgreiðsluskatti verið að fullu greidd (Vinnuálastofnun, 2022).

Laun þess sem stundar eigin rekstur kallast reiknað endurgjald og skal upphæð þess fara eftir viðmiðunarreglum skattayfirvalda. Greiða þarf tekjuskatt af reiknuðu endurgjaldi mánaðarlega (Stafrænt Ísland, 2022).

Í gögnum Hagstofunnar um starfandi á vinnumarkaði á Íslandi var meðaltal starfandi á síðasta ársfjórðungi 2021, 176,217 þúsund manns (Hagstofan, 2022). Þar af voru að meðaltali 9,618 skráðir launagreiðendur með einn starfsmann (Hagstofan, 2022) en gera má ráð fyrir að um sé að ræða sjálfstætt starfandi einstaklinga. Hlutfall launagreiðenda með einn starfsmann af starfandi á vinnumarkaði síðasta ársfjórðung 2021 var því um 5,5%.

Íslensk lög um verktöku, nr.28/1930, eða verkkaup eins og það er nefnt í lögnum, eru nærri hundrað ára gömul, eða síðan 1930. Lögin frá 1930 eru með tveimur breytingum, önnur þeirra gerð árið 1931 og þau seinni árið 1936 (Alþingi, 1930). Talin eru upp þau störf sem lögin eiga við um, en þó nokkur þeirra eru orðin úrelt og skortir allar reglur um verktaka í vinnuumhverfinu eins og því er háttað í dag.

Gigg hagkerfið

Gigg hagkerfið er frjálst markaðskerfi þar sem einstaklingar eru ráðnir, eða ráða sig sjálfir í störf til skamms tíma. Störfin einkennast af styttri verkefnum sem oft eru unnin á sveigjanlegum vinnutíma, eða eru árstíðabundinn. Verkkaupar gera samning við sjálfstætt starfandi einstakling um að vinna tiltekið verkefni í stað þess að ráða þá í hefðbundið launað starf. Með því að fara þessa leið geta fyrirtæki sparað sér umtalsverðar fjárhæðir í launakostnað. Gigg hagkerfið sbr. skilgreiningu, samanstandur af fyrirtækjum, starfsmönnum og neytendum. (Alexander S. Gillis, 2022).

Einstaklingar sem starfa innan gigg hagkerfisins eru kallaðir gíggarar, en hugtakið er slanguryrði yfir starf sem varir í tímabundið. Störf sem auglýst eru sem tímabundin verkefni eru oft kölluð gígg og því má ætla að heitið gíggari sé þaðan komið. Hagur gíggara er að hann getur starfað að fleiri verkefnum fyrir ýmsa verkkaupa og hefur sveigjanlegan vinnutíma (Lewis, 2021). Gigg hagkerfið gerir fólki þannig kleift að stunda vinnu á nýjan máta með sveigjanlegum vinnutíma sem hentar hverjum og einum og möguleika á að starfa hvar sem er í heiminum (Vassilis Kostakis, 2022).

Eftir því sem gíggurum fjölgar, aukast áhyggjur yfirvalda og stéttarféлага af vinnuskilyrðum þeirra sem starfa innan hagkerfisins. Námsmenn, innflytjendur og aðrir sem hafa átt í erfiðleikum með að komast inn á almennan vinnumarkað, sem og þeir sem fagna sveigjanleika og frelsi hagkerfisins, hafa einnig kvartað undan lagalegum réttindum og ótryggu ástandi (Jorge Liboreiro, 2021).

Árið 2021 bók út bókin Völundarhús tækifæranna eftir Árelíu Guðmundsdóttir og Herdís Pálu Pálsdóttir, þar er skilgreining höfunda á gíggum að gígg séu tímabundinn og nákvæmlega skilgreint verkefni sem einstaklingur er fenginn til að inna af hendi í tiltekinn tíma. Ekki sé því um hefðbundinn ráðningarsamning að ræða og því um annað en starfsmann í hlutastarfi að ræða. Samband verkkaupa og verktaka er því öðruvísi háttað en ef um vinnuveitanda og starfsmann væri að ræða. Sá sem selur verkkaupa tímabundið þekkingu sína, reynslu og tíma en er ekki með samning til lengri skilgreinds tíma er því gíggari (Árelía Guðmundsdóttir & Herdís Pála Pálsdóttir, 2021). Kynningarfulltrúi Sameykis, stéttarfélags í almannaþjónustu, skrifaði sömuleiðis pistil árið 2021 þar sem hann vitnar í útvarpsviðtal við höfunda bókarinnar,

Völundarhús tækifæranna, þar sem kemur fram að nú sé í tísku að kalla verktaka giggara og að hugtakið sé gamalt og vinnufyrirkomulagið mjög þekkt, hér á Íslandi sem og annars staðar í veröldinni (Axel Jón Ellenarson, 2021).

Breytt starfsumhverfi

Hraður uppgangur gigg hagkerfisins hefur umbreytt fjölda atvinnugreina á örfáum árum og hafa stafrænir vettvangar verið miðpunktur þróunarinnar. Tækniframfarir og aukin söfnun gagna hafa gert stafrænum miðlum kleift að innleiða nýjar leiðir til að mæta hratt vaxandi óskum neytenda fyrir sveigjanleika og aðgengi á vörum og þjónustu. Þátttakendur í deili- og gigg hagkerfinu hafa breytt gamalgrónum aðferðum og skapað aukna eftirspurn með tiltölulega litlum kostnaði. Hvaða atvinnugrein sem er getur innleitt breytingar í gegnum þetta nýja hagkerfi (OECD, 2021). Sem hluti af hraðri breytingu starfa gætu skattayfirvöld þurft að aðlaga reglur sínar til að endurspegla þann fjölda skattgreiðenda sem hafa tekjur sínar innan þessa hagkerfis. Þar sem meirihluti þessara starfa fara í gegnum stafrænan vettvang eru fjölmörg tækifæri til staðar fyrir skattayfirvöld að fá aukið gegnsæi í hagkerfið (OECD, 2020, bls. 3).

Stafrænn starfsvettvangur gegnir sífellt mikilvægara hlutverki og stuðlar að nýsköpun, skapar störf og mætir eftirspurn neytenda. Nýlega var tilraunaverkefni framkvæmt af skattayfirvöldum í Eistlandi í samstarfi við Uber sem lét yfirvöldum í té upplýsingar um bílstjóra sem skráðir eru á stafrænum vettvangi þeirra. Fylgst var með fjárhagslegri innkomu þeirra og hvaðan peningarnir komu. Þannig gátu yfirvöld áætlað upphæð af tekjum sem bílstjórnarnir þurftu að greiða í skatt (Vassilis Kostakis, 2022).

Þó starfsumhverfi gigg hagkerfisins sé að mörgu leyti hagstætt, fylgja því þó nokkrir gallar þar sem sveigjanleika er skipt út fyrir starfsöryggi, tryggja lífeyrisgreiðslur, sjúkra- og veikindaleyfi og jafnvel réttisins til atvinnuleysisbóta. Fjölmargir fræðimenn innan Evrópu eru sammála um að helsta vandamálið við að koma á heildstæðum lagaramma í kringum gigg hagkerfið sé vanhæfni stjórnvalda sem hlýst af mismunandi túlkun hvers lands á hagkerfinu og mismunandi nálgun varðandi mat á umfangi þess. Til að mynda snúast umræðurnar um gigg hagkerfið í Frakkland og Bretlandi um þá sem starfa innan hagkerfisins á meðan fræðimenn á Ítalíu stjórna umræðunni um hagkerfið þar í landi. Í fjölmörgum löndum er enn engin umræða um gigg hagkerfið, s.s. í Póllandi. Þeir sem leiða umræðuna um gigg hagkerfið í þeim löndum þar sem umræðan er hvað mest, koma að mestu úr ranni verkalýðshreyfingarinnar þar sem helsta áhyggjuefnið eru starfsréttindi og launakjör þessa hóps. Brýnt að ná sátt um sameiginlega


skilgreiningu á gigg hagkerfinu, s.s. með samvinnu aðila evrópska vinnumarkaðarins, leysa hvernig eftirliti skuli hagað innan gigg hagkerfisins og hvert umfang þess er. Þörf er á lögboðinni skráningu þeirra sem starfa innan gigg hagkerfisins til að hægt sé að verja hagsmuni þeirra. (Vassilis Kostakis, 2022).

Árið 2017 gaf Háskólinn í Minnesota út stutta skýrslu um lagalegt umhverfi gigg hagkerfisins. Í skýrslunni er kallað eftir aðgerðum frá löggjöfum til að taka á göllum kerfisins og að rannsóknarsamfélagið búi til leiðbeiningar þeim til handa þar sem núverandi starfsreglur og leiðbeiningar um starfsumhverfi eigi illa við þá sem starfa innan gigg hagkerfisins (Kleiner, 2017).

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins ákvað árið 2021 að bregðast við langvarandi áhyggjum og með nýrri tilskipun varðandi stafræna vinnumarkaðinn sem er að hluta innan gigg hagkerfisins (s.s. Airbnb, Uber, Vinna með litlum fyrirvara, AHA, Skutlarar). Árið 2021 voru til að mynda 5,5 milljónir af þeim 28 milljónum sem starfa innan stafræna hagkerfisins ranglega flokkaðir sem sjálfstætt starfandi. Með nýju tilskipuninni mun starfsumhverfi 1,7 til 4,1 milljón giggara breytast, allt eftir því hversu mörgum skilyrðum störf þeirra þurfa að uppfylla til að teljast sjálfstætt starfandi (Evrópusambandið, 2021).

Við heimildaöflun fyrir þessa skýrslu kom í ljós að mikið af áhyggjum opinberra aðila varðandi gigg hagkerfið tengjast þeim störfum þar sem vinnuafli fjölgar hvað mest, (sjá mynd 1 frá International Labour Organization (2021)). Þessi störf eru akstur leigubifreiða í gegnum þjónustu sem byggir á deiliahagkerfi líkt og Uber, þjónusta á flutningi pantana á veitingum frá veitingastöðum og öðrum þjónustuaðilum sem bjóða upp á skjóta afgreiðslu á minni varningi.

Mynd 1: Þróun starfrænna starfsvettvanga innan ólíkar atvinnugreina frá 2000-2020



Í

atvinnu og

nýsköpunarstefnu Reykjavíkurborgar frá mars 2022, er komið inn á gígg hagkerfið. Í sviðsmyndakafli um Tækni borgina segir „GÍGG-hagkerfið“ hefur breytt menntakerfinu. Foreldrar gera kröfu um meiri sveigjanleika í leik- og grunnskóla í takti við sveigjanleika í eigin starfi. (Reykjavíkurborg, 2022, bls. 80). Í bókinni, Völundarhús tækifæranna, er komið inn á kröfur nútímans sem snúa ekki eingöngu að tekjum, *heldur verkefni sem jafnframt styður við lífsstíl og gildi viðkomandi*. Höfundar telja að unga fólkið eigi eftir að hallast enn frekar í þá átt að nýta tækifæri til að stjórna vinnutíma sínum og verkefnum og því þurfi verkalýðsfélögin að undirbúa sig fyrir þessar breytingar. Vinnumarkaðurinn þurfi sömuleiðis að taka tillit til breytts vinnulandslags fyrir fólkið sem vill og kys að starfa utan hins hefðbundna ramma (Árelía Guðmundsdóttir & Herdís Pála Pálsdóttir, 2021).

Starfsumhverfi sjálfstætt starfandi

Reglur um reiknað endurgjald

Samanber fyrri kafla þá kallast laun þess sem stundar eigin rekstur reiknað endurgjald. Upphæð þess skal fara eftir viðmiðunarreglum skattayfirvalda hverju sinni og greiða þarf tekjuskatt af reiknuðu endurgjaldi. Viðmiðunarfjárhæðir reiknaðs endurgjalds fyrir sjálfstætt starfandi eru uppfærðar árlega hjá ríkisskattstjóra og birtar á heimasíðu hans og í Stjórnartíðindum.

Fjárhæðirnar eru lágmarksviðmið og flokkaðar eftir störfum. Samkvæmt lögum nr. 90/2003 um tekjuskatt má sjálfstætt starfandi/einyrki ekki reikna sér lægra endurgjald en ef hann starfaði fyrir óskyldan aðila (Ríkisskattstjóri, 2020). Sjálfstætt starfandi í skapandi greinum geta í flestum tilfellum miðað sig við flokk C sem er fjölmiðlun, skemmtikraftar, útgefendur, listamenn,

sérhæfð sölustarfsemi, þjónusta og fleira. Í flokki C (6) má finna viðmiðunarupphæð skattayfirvalda fyrir þá sem starfa einir og án starfsmanna eða aðkeypts vinnuframlags. Upphæð reiknaðs endurgjalds árið 2022 var 519.000 á mánuði eða 6.228.000 í árslaun (Ríkisskattstjóri, 2022).

Atvinnuleysisbóta- og fæðingarorlofsréttur sjálfstætt starfandi/einyrkja

Hafi sjálfstætt starfandi/einyrki greitt mánaðarlegt tryggingagjald af reiknuðu endurgjaldi, miðað við fullt starf, á hann rétt á hámarksbótum úr atvinnuleysistryggingasjóði samkvæmt 7. grein um atvinnuleysistryggingar. Til að öðlast lágmarks bótarétt þarf einstaklingur að hafa verið í að minnsta kosti 25% launuðu starfi í sex mánuði. Hafi viðkomandi tiltekið hlutastarf á hann rétt atvinnuleysisbótum í hlutfalli við fjölda mánaða sem tryggingagjald var greitt. Ef dregist hefur að greiða tryggingagjald í þrjá mánuði eða lengur, fellur bótaréttur niður vegna viðkomandi tímabils. Hafi sjálfstætt starfandi/einyrki verið bæði í almennri launavinnu og eigin rekstri skal hver mánuður sem tryggingagjald var greitt, miðað við fullt starf, samsvara fullri dagvinnu. Sjálfstætt starfandi/einyrki með tekjur undir 450 þúsund á ári hefur þó tök á að gera tryggingagjald og reiknað endurgjald upp við skattayfirvöld einu sinni á ári í stað mánaðarlega, þeir sem það gera eru kallaðir ársmenn. Ársmaður skal hafa gert upp tryggingagjald síðustu 12 mánuði til að fá umsókn um atvinnuleysisbætur- eða fæðingarorlofsstyrk samþykkt. Að öðru leyti deilist upphæð greidds tryggingagjalds í viðkomandi starfshlutfall (Húnbogi Þorsteinsson, 2013).

Til að eiga rétt á greiðslum úr fæðingarorlofssjóð þarf foreldri að hafa verið í að minnsta kosti 25% starfshlutfalli samfelld í sex mánuði fyrir fæðingardag barns. Sjálfstætt starfandi þarf þannig að hafa náð 25% af viðmiðunartekjum og hafa greitt staðgreiðslu- og tryggingagjald til ríkisskattstjóra af þeirri upphæð til að eiga rétt á greiðslum úr fæðingarorlofssjóði (Vinnumálastofnun, 2022).

Hjá Vinnumálastofnun var engar upplýsingar að fá þegar spurt var um um fjölda sjálfstætt starfandi einstaklinga innan skapandi greina sem leituðu til þeirra á tímum Covid 19. Uppgefin ástæða var að stofnunin sé að innleiða nýtt upplýsingatæknikerfi. Á þeim tíma sem beiðni um upplýsingar var send var verið að flytja gögn úr gömlum gagnagrunni yfir í nýjan. Í kerfi Vinnumálastofnunar á að vera hægt að fletta upp fjölda umsækjanda á tilteknu tímabili sem eru sjálfstætt starfandi en hins vegar er þeir ekki sundurliðaðir eftir ÍSAT atvinnugreinaflokka og ÍSTARF starfaflokkar sem takmarkar þó nokkuð greiningu á gögnunum. Í svari frá

Vinumálastofnun segir; ... *get þó svarað því til að umsóknir sjálfstætt starfandi einstaklinga eru flokkaðar eftir sömu starfaflokkun og Skatturinn hefur skipað þeim í tengslum við skil á reiknuðu endurgjaldi. Þannig fáum við upplýsingar til að reikna út bótarétt viðkomandi* (Berndsen, 2022).

Félagafarm rekstraraðila

Við stofnun reksturs þarf rekstraraðili að velja rekstarform. Þegar ákveðið er hvaða form skuli nota fyrir tiltekinn rekstur er mikilvægt að hafa í huga að rekstrarformið hæfi umfangi rekstursins. Ábyrgð stofnenda eftir rekstarformi er mjög mismunandi. Hér að neðan er samantekt algengustu rekstrarforma rekstraraðila innan skapandi greina.

Einstaklingsfyrirtæki

Einstaklingsfyrirtæki er fyrirtæki sem einstaklingar reka á eigin kennitölu. Þar af leiðandi er öll ábyrgð viðkomandi bundin við persónulegu kennitölu. Einstaklingsfyrirtæki í rekstri sem greiðir laun þarf að vera á launagreiðendaskrá og er virðisaukaskattskyld. Skila þarf rekstrarskýrslu fyrirtækisins með árlegri skattskýrslu einstaklings þar sem gera þarf grein fyrir tekjum, gjöldum og reiknuðu endurgjaldi.

Hægt er að fá skráð firmaheiti þó einstaklingur starfi á eigin kennitölu en samkvæmt gögnum Hagstofunnar eru ekki nema 644 slíkar kennitölur skráðar (Hagstofa Íslands, 2022). Þó sjálfstætt starfandi einstaklingur starfi undir firmaheiti ber hann sjálfur alltaf í ábyrgð á rekstrinum, enda reksturinn á hans eigin kennitölu (Halldórsson, 2022).

Einstaklingar sem starfa í eigin rekstri þurfa að reikna sér lágmarkstekjur og á vef ríkisskattstjóra er að finna viðmiðunarfjárhæðir sem miða við hvað einstaklingar í eigin rekstri skulu reikna sér í laun.

Skattaprep einstaklinga á Íslandi eru þrjú og hlutfall greiddra skatta hækkar eftir því sem reiknað endurgjald er hærra. Prósenturnar eru frá 31,45% til 46,25%. Tryggingagjald er 6,35% af uppgefnum launum eftir frádrátt í lífeyrissjóð sem er að lágmarki 12% (Landssamtök lífeyrissjóða, 2022). Allur gangur er á því hvort einstaklingar ákveði að greiða í stéttarfélag, en það er ekki skylda.

Svokallaðir ármenn, eru einstaklingar sem skila opinberum gjöldum af launagreiðslum og tryggingagjaldi einu sinni á ári. Til að hægt sé að vera svokallaður ársmaður mega tekjur ekki vera yfir 450.000 á ári (Skatturinn, 2022). Í reglugerð um tryggingasjóð sjálfstætt starfandi

einstaklinga, segir í 3. grein að ármenn þurfi að hafa fengið samþykki fyrir því að gera tryggingagjald upp einu sinni ári í stað mánaðarlega (Félagsmálaráðuneytið, 1998) og fékkst það staðfest í samtali við starfsmann ríkisskattstjóra.

Samlags- eða sameignarfélag

Einstaklingar sem eru sjálfstætt starfandi/einyrkjar en starfa ekki á eigin kennitölu, starfa oft undir kennitölum félaga sem þeir stofna. Oftar en ekki verða hlutafélög fyrir valinu þegar rekstrarform er valið, en færst hefur í aukana að starfa undir samlagsfélagi. Í lok árs 2021 voru 3.183 samlagsfélög skráð en árið 2009 voru þau 507. Árið 2010 var mesta fjölgunin á nýskráðum samlagsfélögum eða 427, en síðan 2011 eru að meðaltali um 257 samlagsfélög stofnuð árlega (Hagstofa Íslands, 2022). Á tólf árum er því aukning upp á 84% á skráningu samlagsfélaga.

Á upplýsingasíðu Skattsins um gerð samlagsfélaga segir að þau séu „samstarfsform sem byggist á samningi tveggja eða fleiri aðila um sameiginlega fjárhagslega starfsemi.“ Við stofnun samlagsfélags er kennitala félagsins skráð í atvinnugreinaflokk (ÍSAT-númer). Skylt er að skrá raunverulega eigendur félagsins í tilkynningu við stofnun þess. Ábyrgð samlagsfélaga getur verið tvenns konar, annars vegar að minnsta kosti einn félagsmaður sem ber ótakmarkaða ábyrgð á starfsemi og skuldbindingum félagsins, eða fleiri deili ábyrgð félagsins á milli sín, svo sem á fjárhagslegumskuldum þess, upp að því marki sem fjárhagslegt framlag þeirra inn í félagið nemur. Þetta er í samræmi við það sem viðgengst innan einkahlutafélaga þar sem stofnandi leggur til hlutafé við stofnun félagsins (Skatturinn, 2022.).

Allar tekjur samlagsfélaga er skattskyldur og ber félaginu að greiða 37,6% (2022) í skatt af allri innkomu félagsins. Það eru rúmar heimildir til að taka fé út úr samlags- og sameignarfélögum því skattlagning og lagaumhverfi slíkra félaga er einfaldari en ef um einkahlutafélag væri að ræða þó að ábyrgð eigenda sé persónulega meiri (Nýskapandi, 2022). Samkvæmt reglum Ríkisskattstjóra verða að vera tveir eða fleiri eigendur að samlagsfélagi. Í viðtali sem blaðamaður Stundarinnar tók við Stefán Skjaldarson, sviðstjóra hjá álagarsviði skattsins, og birt var þann 20. ágúst 2022, segir meðal annars að séu félög rekin sem ósjálfstæðir skattaðilar renni hagnaður félaganna beint til tekna eigenda sem þeirra eigin atvinnurekstur. Samlagsfélög eru einungis skilaskyld við ársreikningsskrá, séu þau í eigu hlutafélaga eða sjálfseignastofnana sem eru skilaskyld (Skatturinn, 2022). Séu þau ekki skilaskyld þá kallast þau ósjálfstæðir skattaðilar en þá ber raunverulegum eigendum að skila rekstrarupplýsingum á sínum eigin skattayfirlitum, hvort sem félagið er í eigu hlutafélags eða einstaklings (Halldórsson, 2022).

Í fyrstu grein í lögum um ársreikninga á vef alþingis, segir; „*Sameignarfélögum og samlagsfélögum, sem um ræðir í 4. tölul. 1. mgr., er ekki skylt að semja ársreikninga ef allar tekjur og gjöld, eignir og skuldir þeirra eru meðtaldar í ársreikningum félagsaðilanna. Lög þessi skulu víkja fyrir ákvæðum um ársreikninga í sérlögum, enda byggist þau á ákvæðum tilskipana Evrópuþingsins og ráðsins um ársreikninga tiltekinna félaga með takmarkaðri ábyrgð.*“

Í 114. grein segir: „*Sameignarfélag eða samlagsfélag, sem tilgreint er í 4. tölul. 1. mgr. 1. gr., þarf ekki að senda ársreikningaskrá ársreikning sinn ef a.m.k. einn af félagsaðilum þess er heimilisfastur hér á landi, semur ársreikning fyrir félagið og lætur endurskoða hann og senda skránni ásamt sínum eigin ársreikningi.*“

Í nýlegri úttekt á álagningaskrá Skattsins fyrir þjóðþekkta Íslendinga sem flestir starfa innan gigg hagkerfisins, skrifar blaðamaður Stundarinnar sérstaklega um samlagsfélög og vanmat á tekjum þeirra sem þau reka. Þar segir að tekjulistar taki ekki tillit til tekna listamanna sem fá einnig tekjur í gegnum samlagsfélög sem eru sjálfstæðir skattaðilar sem birta ekki upplýsingar í ársreikningum og því geti samlagsfélög hulið tekjur þeirra sem eiga félögin (Jón Trausti Reynisson, 2022). Samkvæmt greininni eru kennitölur hlutafélaga, sem eru í eigu einstaklinga, eigendur samlagsfélaga á móti þessum sömu einstaklingum og því er í raun einn eigandi að þessum samlagsfélögum.

Í reynd greiða samlagsfélög laun og launatengd gjöld en þar sem þau gefa ekki út ársreikninga þá eru launagreiðslur þessara félaga ekki birt opinberlega eða aðgengileg sem opinber gögn líkt og við á um hlutafélög. Það er vegna þessa sem laun þeirra sem reka, eða eiga í samlagsfélögum, eru ekki endilega gerð opinber (Halldórsson, 2022).

Einkahlutafélag

Við stofnun einkahlutafélags (ehf) verður til lögaðili sem er skattskyldur samkvæmt 2. grein tekjuskattslaga. Enginn félagsmanni ber persónulega ábyrgð á skuldbindingum einkahlutafélags (Alþingi, 1995). Raunábyrgð eiganda í einkahlutafélagi er því takmörkuð en í flestum tilfellum bera raunverulegir eigendur persónulega ábyrgð, t.d. gagnvart banka en dagleg ábyrgð á rekstri einkahlutafélaga deilist á milli framkvæmdastjóra og stjórnar.

Samkvæmt gögnum Hagstofunnar voru við árslok 2021 skráð 41.895 einkahlutafélög en árið 2009 voru þau 30.167 talsins (Hagstofa Íslands, 2022). Tölurnar sýna fjölda skráðra fyrirtækja samkvæmt fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra en sýna ekki hversu mörg einkahlutafélög eru í atvinnustarfsemi. Á tólf árum er aukning á skráningu einkahlutafélaga um 28%

Öllum hlutafélögum ber að halda tvíhliða bókhald og skila ársskýrslu félagsins og forsvarsmönnum einkahlutafélaga ber að reikna endurgjald samanber viðmiðunareglur skattsins (Skatturinn, 2022).

Einstökum hluthöfum er ekki leyfilegt að taka fé út úr félaginu nema samkvæmt lögum um arðgreiðslur og ber að greiða skatt af þeim greiðslum. Hlutafélögum ber einnig að greiða skatt af hagnaði ár hvert samkvæmt ársskýrslu.

Munur á einkarekstri, samlagsformi og einkahlutafélagi

Samkvæmt greiningu blaðamanns Stundarinnar fá þeir sem eru með rekstur á eigin kennitölu rúmlega 100.000 krónum minna í hendurnar af hverri milljón en þau sem eru með tekjur í gegnum hluta- eða samlagsfélag (Jón Trausti Reynisson, 2022).

Allur hagnaður hlutafélaga ber 20% skatt við ársuppgjör og sé greiddur út hagnaður til eigenda þá þarf að greiða 22% fjármagnstekjuskatt af þeirri upphæð. Því eru í heildina greiddir lægri skattar af hagnaði samlagsfélaga, þar sem öll innkoma er 37,6% skattskyld.

Einn mesti munurinn á hluta- og samlagsfélögum er að heimilt er að taka fé úr samlagsfélagi án þess að gera grein fyrir því sérstaklega í ársreikningum því allar tekjur eru skattlagðar jafnt (Jón Trausti Reynisson, 2022).

Samkvæmt samtali við endurskoðanda hjá Deloitte, borgar sig að vera með rekstur í einkahlutafélagi ef ætlunin er að útvíkka reksturinn eða stækka í framtíðinni. Einnig mælir hann með að einstaklingar sem eru nýir í rekstri sækji námskeið sem ríkisskattstjóri býður upp á fyrir þennan hóp (Skatturinn, 2022). Varðandi félög sem starfa innan skapandi greina segir endurskoðandi Deloitte að oftast er ekki sé innkoma þeirra óregluleg, sérstaklega í upphafi, og því henti mögulega betur að vera með reksturinn í samlagsfélagi því einkahlutafélög og sjálfstætt starfandi á launagreiðendaskrá þurfa að standa skil á opinberum greiðslum í hverjum mánuði, jafnvel þegar enginn innkoma er sem torveldar uppgjör vegna launa við hið opinbera.

Annar endurskoðandi sem skýrsluhöfundur leitaði til segir að rekstrarform eins og einkahlutafélag sé ekki fyrir lítil- eða einstaklingsfyrirtæki í skapandi greinum. Það geti riðið svona litlum aðilum að fullu að þurfa stöðugt að standa í skilum á launagreiðendaskrá, þ.e. mótframlögum, sköttum og tryggingagjaldi, þegar innkoma er óregluleg og jafnvel eingöngu bundinn við örfáa mánuði á ári. Einnig staðfesti hann að minni einkahlutafélög sem eru ný í rekstri hafi þurft að skuldsetja sig í blábyrjun rekstrar til að standa straum af opinberum

launagjöldum þó enn sé ekki byrjað að greiða út laun og lítil sem enginn innkoma farin að skila sér til fyrirtækisins.

Starfsumhverfi starfandi í skapandi greinum

Markmið og framkvæmd

Í ljósi þess hversu lítið er til af gögnum og úttektum á stöðu sjálfstætt starfandi innan skapandi greina, og þar með talið hagtölum, var ákveðið að útbúa spurningakönnun í því markmiði að ná utan um þann fjölda einstaklinga sem starfa sjálfstætt eða öllu leyti eða hluta, og kanna starfsumhverfi þeirra.

Útbúinn var spurningalisti með 18 spurningum umstarfsumhverfi sjálfstætt starfandi einstaklinga innan skapandi greina og fjórum bakgrunnsbreytum, aldur, kyn, búseta og menntunarstig. Spurningarnar voru hannaðar á þann máta að hægt yrði að fylgja sérstaklega eftir þeim sem starfa sjálfstætt, svokallaðir einyrkjar. Spurningarnar voru settar upp í Microsoft Forms en auðvelt er að vinna með niðurstöður sem bæði birtast í súlu-/kökuritum sem og í greinagóðu excel skjali.

Hlekkur á spurningakönnunina ásamt kynningartexta var sendur í tölvupósti á eftirfarandi fagfélög innan skapandi greina, Danshöfundafélag Íslands, Félag leikskálda og handritshöfunda, Félag íslenskra hljómlistarmanna, Samband íslenskra myndlistarmanna, Rithöfundasamband Íslands, Félag íslenskra leikara, Félag íslenskra listdansara, Sjálfstæðu leikhúsin og Félag kvikmyndagerðamanna. Hlekkurinn á könnunina var opin frá 24. ágúst 2022 til og með 22. september 2022.

Félagsmenn í Félagi tæknifólks fengu örlítið breytta útgáfu af könnuninni frá sínu fagfélagi. Félag tæknifólks hafði áhuga á að leggja könnunina fyrir alla sína félagsmenn en einungis lítil hluti þeirra starfar innan skapandi greina eða um 32% svarenda, en í greiningu niðurstaðna eru einungis notuð gögn tæknifólks sem svaraði því að þau störfuðu innan skapandi greina.

Vankantar á spurningakönnun

Við útsendingu spurningalista og greiningu á niðurstöðum komu nokkrir vankantar í ljós sem rétt er að geta. Fyrst ber að nefna að útsending spurningakönnunarinnar var í höndum starfsmanna

fagfélaganna í stað þess að rannsakandi sæi sjálfur um að senda út könnunina og fylgja henni eftir með ítrekunum. Ekki öll fagfélög svöruðu kallinu um að senda könnunina út, þrátt fyrir vilýrði þess efnis.

Í öðru lagi sendu ekki öll fagfélögin spurningakönnunina út á sama tíma og því þurfti hún að vera opin yfir lengra tímabil en upprunalega var áætlað. Fyrirfram voru tvö fagfélög búin að vara við því að svörun úr slíkum könnunum innan félags væri í flestum tilvikum ekki sérlega góð. Til að mynda var tölvupóstur með spurningakönnuninni sendur á 620 félagsmenn Rithöfundasambands Íslands, af þeim voru 364 sem opnuðu tölvupóstinn, 58%, en einungis 84 opnuðu hlekkinn sem gerir 13,5% félagsmanna Rithöfundasambandsins. Í ljósi þess hversu margir starfa þvert á greinar í skapandi greinum, þá má ætla að einhverjir séu í fleiri en einu fagfélagi og hafi því fengið spurningalistann sendan frá fleiri en einu fagfélagi.

Í þriðja lagi telur rannsakandi að mögulega hafi svarendur í einhverjum tilvikum túlkað einstaka spurningar á annan veg en þeim var ætlað. Við vinnslu gagna sá rannsakandi að ein spurning vafðist fyrir svarendum, en það var spurningin, *Hvert er þitt helsta starf innan skapandi greina?* Má segja að fyrirfram hafi verið áætlað að einstaklingar innan skapandi greina sinni mörgum störfum en þó nokkur fjöldi þátttakenda skráðu fleiri en eitt aðalstarf. Einnig hefði rannsakandi átt að skilja eftir svarbox til að merkja við í stað þess að láta svarendur skrá inn sjálfir sitt aðalstarf, því hver skrifar sitt starf eftir eigin höfði og mikinn tíma tók að vinna úr því og samræma starfsheiti.

Í fjórða lagi var ekki „skylda“ að svara nokkrum spurningum, samanber þá sem nefnd er hér að ofan og því nokkuð um að þátttakendur svöruðu ekki öllum spurningum. Rýning niðurstaðna leiddi hins vegar í ljós að sá ágalli hafði ekki merkjanleg áhrif.

Í fimmta lagi, eins og áður var nefnt, sendi Félag tæknifólks út örlítið breytta spurningakönnun sem var engu að síður byggð á spurningalista rannsakanda, en rannsakandi eyddi þó nokkrum tíma í að sameina niðurstöður kannananna, en ekki þótti ástæða til að aðskilja niðurstöður þeirra.

Þýði og svarhlutfall

Eins og áður segir var þýðið einstaklingar í fagfélögum innan skapandi greina. Af þeim níu fagfélögum sem var boðin þátttaka voru fimm þeirra sem svöruðu beiðni rannsakanda um þátttöku og sendu erindið áfram á sína félagsmenn, þ.e. Rithöfundasamband Íslands, Félag íslenskra leikara, Félag íslenskra listdansara, Félag kvikmyndagerðamanna og Sjálfstæðu

leikhúsin. Þrátt fyrir ítrekaðar beiðnir svöruðu Félag íslenskra hljómlistarmanna, Samband íslenskra myndlistarmanna, Danshöfundafélag Ísland og Félag leikskálda og handritshöfunda ekki beiðni rannsakanda.

Spurningakönnunin var send á 1.482 félagsmenn þessara fimm félaga sem greint er frá hér að ofan. Alls bárust 242 svör frá félagsmönnum og var því svarhlutfall 16%.

Könnunin sem Félag tæknifólks sendi út til sinna félagsmanna og deildi gögnum með þessari rannsókn voru 2.199. Hlutfall þeirra sem opnuðu könnunina og byrjuðu að svara var 6% eða 152 svarendur. Fyrstu spurningar í rannsókn Félags tæknifólks var í hvaða greinum svarendur skilgreindu sig, svarmöguleikar voru 3, Skapandi greinar, Fjarskipti og upplýsingatæknigreinar eða Mannvirkjagerð eða önnur störf tengd iðngreinum. Af 242 merktu 96 svarendur við að þeir störfuðu innan skapandi greina. Það er þýðið sem rannsóknin náði yfir og niðurstöður hverra voru hafðar með í greiningu á gögnum úr könnuninni.

Svarendur spurningakönnunarinnar voru því samtals 338 í heildina, þegar fjöldi þeirra sem svöruðu könnun sem send var á fagfélögin af rannsakanda og þeim sem skilgreina sig innan skapandi greina af félagsmönnum Félags tæknifólks eru teknar saman.

Greining gagna


Hér að neðan eru niðurstöður spurningakönnunar sbr. svör við hverri spurningu. Niðurstöður nokkurra spurninga eru sömuleiðis samandregnar.

1. Skilgreinir þú störf þín innan skapandi greina?

Svarmöguleikar sem voru í boði fyrir þessa spurningu voru eftirfarandi: játandi, neitandi og í könnun rannsakanda var einnig hægt að velja *að hluta*. Fyrir svarendur sem svöruðu þessum lið neitandi, lauk könnunin. Alls bárust 489 svör samanlagt úr báðum könnunum. Þar af skilgreindu 338 störf sín innan skapandi greina. Allir svarendur könnunar rannsakanda skilgreina sig innan skapandi greina, en í könnun Félag tæknifólks voru það 96 svarendur af 242, eða 40% svarenda.

Af þeim 338 sem svöruðu að þeir störfuðu innan skapandi greina voru 44 sem merktu við að þeir starfi að hluta innan skapandi greina eða 13%. Í spurningu 3 er hægt að sjá skiptinguna betur þegar svarendur í báðum könnunum gera grein fyrir starfshlutfalli sínu. Hér hætti spurningakönnunin sem send var til annarra fagfélaga en Félag tæknifólks. Í könnun Félags tæknifólks hélt könnunin hins vegar áfram.

Mynd 2: Starfar þú innan skapandi greina?



2. Ert þú í starfi eða hefur verið s.l. 12 mánuði?

Í boði var að svara játandi, neitandi eða vil ekki svara. Þeir svarendur sem svöruðu neitandi enduðu þátttöku sína hér. Af 338 svarendum svöruðu 280 já, 47 nei, 6 svöruðu að hluta, og 5 vildu ekki svara. Spurningakönnuninni lauk hér fyrir þá svöruðu neitandi en könnun Félags tæknifólks hélt áfram. Til að gæta jafnræðis var ekki unnið áfram með gögn félagsmanna Félags tæknifólks sem svöruðu neitandi. Fjöldi þeirra sem könnunin hélt áfram hjá voru þeir sem voru í starfi sl. 12 mánuði, þeir sem svöruðu að hluta og þeim sem svöruðu vil ekki svara. Samtals hélt því greining gagna áfram fyrir 291 svarendur.

Mynd 3: Ert þú í starfi eða hefur verið sl. 12 mánuði?




3. Hvert er starfshlutfall þitt innan skapandi greina?

Í könnun fagfélaga var hægt að velja um að svara annað hvort, yfir 50% eða undir 50%.

Af 291 svarendum svöruðu 228 að starfshlutfall þeirra væri yfir 50% eða 79%, en 62 svöruðu að starfshlutfall þeirra væri undir 50%, eða 21%. Í könnun Félags tæknifólks var einnig hægt að merkja við *annað* og skrá í þar tilgerðan reit. Einn svarandi merkti við *annað* og skrifaði að hann starfaði ekki innan skapandi greina. Eftirleiðis verður ekki unnið með gögn úr hans svörum og standa því 290 svarendur eftir.

Mynd 4: Hvert er starfshlutfall þitt innan skapandi greina?



4. Hvert er þitt aðalstarf innan skapandi greina?

Meðfylgjandi útskýringatexti fylgdi með spurningunni í smáu lettri: *Skv. skilgreiningu Hagstofunnar falla eftirfarandi störf undir skapandi greinar: Bókmenntir, fjölmiðlar, hönnun og arkitektúr, kvikmyndir og sjónvarp, listnám, menningararfur, myndlist, sviðslistir, tónlist, tölvuleikir, antíksalar, hugbúnaðargerð og auglýsingagerð.* Við þessa spurningu áttu svarendur að skrá sjálfir inn hvernig þeir skilgreindu sitt aðalstarf innan skapandi greina. Úrvinnsla svara við þessari spurningu olli meiri yfirlegu en upphaflega var gert var ráð fyrir. Ástæðan er sú að 58 svarendur flokka sig starfandi í fleiri en einni starfsgrein samkvæmt skilgreiningu Hagstofunnar sem höfð var til viðmiðunar við gerð spurningarinnar. Af þeim 290 svarendum skilaði einn auðu. 20% svarenda sinna fleiru en einu starfi innan ólíkra greina. Sem dæmi þá eru 9 svarendur sem flokka sig innan bókmennta og kvikmynda. 7 svarendur flokka sig innan bókmennta og sviðslista og tveir innan bókmennta og tónlistar. Fjórir flokka sig innan bókmennta og fjölmiðla, 13 svarendur flokk sig bæði innan kvikmynda og sviðslista, hvort sem er sem leikarar, leikstjórar, tókumenn, klipparar og/eða handritshöfundar. Þó nokkur svör sýna að rithöfundar starfa einnig við fjölmiðla eða þýðingar innan bókmennta og þó nokkuð er um að sviðlistafólk starfi einnig innan kvikmynda og sjónvarps, hvort heldur sem það eru leikarar, leikstjórar eða tæknifólk.

Flestir svarenda starfa innan bókmennta, alls 97 eða 33%, þar á eftir koma störf við kvikmyndir og sjónvarp 90 svarendur eða 31% og þar á eftir sviðslistir 61 eða 21%. Af þeim 64 sem segjast starfa þvert á greinar starfa flestir, eða hafa starfað við, ritstörf eða 34 svarendur.

Svarendur í könnun Félags tæknifólks sem skilgreindu sig sem starfsmenn innan skapandi greina og voru í fullu- eða hlutastarfi síðustu 12 mánuði voru 88 talsins. Störf þeirra eru oftast en ekki tæknilegs eðlis innan greinanna til að mynda eru 13 hljóðmenn, 12 tæknimenn og 8 kvikmyndatökufólk.


Mynd 5: Hvert er þitt aðalstarf innan skapandi greina?



5. Hver er staða þín á vinnumarkaði?

Fjórir svarmöguleikar voru í boði við að svara þessari spurningu; launþegi, sjálfstætt starfandi/einyrki, launþegi og sjálfstætt starfandi/einyrki eða atvinnurekandi. Svarendur sem sögðust vera eingöngu launþegar voru 87 eða 30% svarenda, en þeir sem sögðust alfarið vera atvinnurekendur voru 7 talsins eða 2%. Stærstur hluti svarenda eru sjálfstætt starfandi/einyrki, samtals 119 svarendur eða 41%. 77 svarendur eða 27% eru hvoru tveggja sjálfstætt starfandi og launþegar. Hér lauk könnuninni fyrir svarendur sem merktu við að þeir væru einungis atvinnurekendur eða einungis launþegar, og því hélt spurningakönnunin áfram fyrir 196 svarendur.

Mynd 6: Hver er staða þín á vinnumarkaði?



6. Hefur þú á s.l. 12 mánuðum sinnt aukaverkefni í þinni sérgrein og fengið greitt fyrir?


Spurning 6 birtist einungis svarendum sem merkt höfðu við að þeir væru launþegar og sjálfstætt starfandi/einyrki. Í boði var að merkja við einn af eftirtöldum valmöguleikum; Já, nei eða vil ekki svara. Alls svöruðu 77 því til að þeir væru launþegar og sjálfstætt starfandi/ einyrki. Af þeim merktu 64 við að þeir hefðu sinnt aukaverkefni í sinni sérgrein á síðustu 12 mánuðum, eða 83%.

7. Hvernig er rekstrarformi þínu háttað?

Þegar hingað var komið voru svarendur orðnir 196 (einungis þeir sem vinna sjálfstætt eða eru launþegar og sjálfstætt starfandi). Hægt var að svara spurningu 7 með eftirfarandi hætti; Starfa á eigin kennitölu, starfa á kennitölu fyrirtækis, starfa á kennitölu samlags- eða sameignarfélags, eða annað. 4 svarendur merktu við; Annað. 112 svöruðu að þeir störfuðu einungis á eigin kennitölu, eða 57%. 46 segjast starfa á kennitölu fyrirtækis eða 23% og þeir sem starfa á eigin kennitölu og kennitölu hlutafélaga eru 14, eða 7%. Þeir sem starfa einungis hjá samlags- eða sameignarfélagi eru 18, eða 9%. Einungis einn svarenda sagðist starfa á eigin kennitölu og kennitölu sameignar- eða samlagsfélags.

Nokkuð var um að blöndun væri á rekstrarformi svarenda, en þeir sem að einhverju leyti starfa á kennitölu samlagsfélags, hvort sem er í blönduðum rekstri með eigin kennitölu, kennitölu fyrirtækis eða eingöngu samlagsfélags er 10%.

Mynd 7: Hvernig er rekstrarformi þínu háttað?




8. Hversu háar voru heildartekjur þínar s.l. 12 mánuði?

Svarendum stóð til boða að sleppa því að svara þessari spurningu en halda samt áfram með könnunina, einungis þrír svarenda nýttu sér þann möguleika og skiluðu auðu. Í könnun sem send var fagfélögum voru þrír svarmöguleikar í boði; 0 til 1 milljón, 1 til 5 milljónir eða 5 milljónir eða meira. Í könnun Félags tæknifólks var spurningin örlítið öðruvísi orðuð og fleiri möguleikar í boði eða, *Hversu háar voru heildartekjur þínar á útseldri vinnu s.l. 12 mánuði* og svarmöguleikar voru; Undir einni milljón, 1 til 5 milljónir, 5 til 10 milljónir eða 10 milljónir eða meira.

Við rýningu gagna var ekki kafað sérlega djúpt í það hversu há laun svarendur hafa heldur var áhersla á að ná fram upplýsingum um hlutfall svarenda sem starfa á eigin kennitölu en afla undir 2 milljónum á ári í tekjur eða eru með fyrirtæki í rekstri sem velta undir 5 milljónum á ári. Í dag eru þeir sem þéna undir þessu marki ekki hluti af menningarvísunum Hagstofu Íslands.

Mynd 8: Hversu háar voru heildartekjur þínar sl. 12 mánuði?



Svarendur með laun undir einni milljón

Svarendur sem velta undir einni milljón á ári eru 42, eða 21% af svarenda. Tuttugu og átta svarendur starfa á eigin kennitölu og aflu undir einni milljón á ári. 13 þeirra greiða sér mánaðarlega laun. Tíu greiða árlegt endurgjald, einn greiðir mánaðarlaun og árlegt endurgjald. Einn greiðir einungis fjármagnstekjur, einn greiðir árlegt endurgjald og fjármagnstekjur og tveir svarendur hökuðu við annað.

Átta svarendur starfa á kennitölu fyrirtækis sem er með veltu undir einni milljón á mánuði. Það skiptist nokkuð jafnt á milli árlegs endurgjalds, mánaðarlaun eða hvoru tveggja, hvernig svarendur greiddu sér út laun.

Einn svarandi skráði rekstrarform sitt sem annað en sá veltir undir einni milljón og greiðir sér mánaðarlaun og árlegt endurgjald.

Fjórir svarendur eru með sameignar- eða samlagsfélag, tveir greiða sér mánaðarlaun og tveir árlegt endurgjald. Einn svarandi starfar bæði á eigin kennitölu og kennitölu fyrirtækis, sá greiðir sér mánaðarlaun.

Einn svarandi merkti við; annað í rekstrarformi og að hann greiddi sér út mánaðarlaun og árlegt endurgjald af veltu undir einni milljón.

Svarendur með 1 til 5 milljónir í veltu

Svarendur sem velta 1 til 5 milljónum árlega eru 79 talsins eða 40% svarenda. Fimmtíu og þrjú svarendur starfa á eigin kennitölu og aflu á milli einnar til fimm milljóna á ársgrundvelli. Þrjátíu og tveir þeirra greiða sér mánaðarlega laun. Þrettán greiða sér árlegt endurgjald, fjórir greiða sér mánaðarlaun og árlegt endurgjald. Einn svarenda greiðir sér einungis fjármagnstekjur. Einn greiðir sér mánaðarlaun og fjárgagnstekjur og tveir svarendur skrá annað.

Fjórtán svarendur starfa á kennitölu fyrirtækis og ellefu þeirra greiða sér eingöngu mánaðarleg laun, tveir greiða sér árlegt endurgjald og einn greiðir sér mánaðarlaun, árlegt endurgjald og fjármagnstekjur.

Sex svarendur starfa hvoru tveggja á eigin kennitölu og kennitölu fyrirtækis. Þrír greiða sér einungis mánaðarlaun, einn greiðir sér einungis árlegt endurgjald og tveir greiða sér hvoru tveggja, mánaðarlaun sem og árlegt endurgjald.

Fimm svarendur starfa í samlags- eða sameignarfélagi eingöngu, fjórir greiða sér mánaðarlaun og einn greiðir sér mánaðarlaun og árlegt endurgjald.

Einn svarandi starfar bæði á eigin kennitölu og kennitölu samlags- eða sameignarfélags og greiðir sá eingöngu árlegt endurgjald.

Svarendur með 5 milljónir eða meira í veltu

Svarendur sem veltu 5 milljónum eða meira eru 72 eða 37% þátttakenda.

Þrjátíu svarendur starfa á eigin kennitölu í þessum veltuflokki. Þar af greiða tuttugu sér mánaðarlaun og fjórir árlegt endurgjald eingöngu. Einn svarandi greiðir sér eingöngu fjármagnstekjur, tveir greiða sér mánaðarlaun og árlegt endurgjald, einn greiðir sér mánaðarlaun og fjármagnstekjur og einn greiðir sér mánaðarlaun, árlegt endurgjald og fjármagnstekjur. Einn svarandi merkti við annað og skrifaði; í skömmum.

Tuttugu og þrír svarendur segjast starfa undir kennitölu fyrirtækis og mikill meirihluti þeirra greiðir sér mánaðarlaun eða tuttugu. Tveir greiða sér eingöngu árlegt endurgjald og einn mánaðarlaun og árlegt endurgjald.

Sjö svarendur starfa hvoru tveggja á eigin kennitölu og kennitölu fyrirtækis. Tveir þeirra greiða sér eingöngu mánaðarlaun, einn eingöngu árlegt endurgjald, þrír mánaðarlaun og árlegt endurgjald og einn mánaðarlaun og fjármagnstekjur.

Níu svarendur starfa eingöngu á kennitölu Samlags- eða sameignarfélags. Sjö greiða sér eingöngu mánaðarlaun, einn greiðir sér mánaðarlaun og fjármagnstekjur og einn svarandi greiðir sér eingöngu árlegt endurgjald.

Einn svarenda starfar bæði á kennitölu fyrirtækis og kennitölu Samlags- eða sameignarfélags og greiðir sá sér eingöngu mánaðarlaun.

Tveir svarendur merktu við *annað* í rekstrarformi og báðir greiða þeir sér eingöngu mánaðarlaun. Einn svarenda merkti við; *annað* í rekstrarformi og skilaði ekki inn veltutölum.


Við samantekt eru því 42 svarenda með 0 til 1 milljón í árstekjur, eða 21%, 79 svarendur eru með 1 til 5 milljónir eða 40%. 72 svarendur eru með yfir 5 milljónir eða 37% svarenda og þrír svarendur gáfu ekki upp veltu. 53 svarendur með 5 milljónir eða meira greiða sér einungis mánaðarlaun eða 73,5%. Átta svarendur greiða sér eingöngu árlegt endurgjald eða 11%. Einn svarenda greiðir sér eingöngu fjármagnstekjur, og tíu svarendur, eða tæp 14% eru með blöndu af mánaðarlaunum, árlegu endurgjaldi og/eða fjármagnstekjum.

9. Hvernig er launagreiðslum þínum háttað?

Við þessa spurningu var hægt að merkja við fleiri en einn valkost, en þeir voru; mánaðarlaun, árlegt endurgjald eða fjármagnstekjur. Félag tæknifólks bætti valmöguleikanum annað, við sína könnun. Niðurstöður voru teknar saman og greindar með gögnunum úr spurningu 8.

125 svarendur, eða 64%, greiða sér mánaðarleg laun, 20% greiða sér eingöngu árlegt endurgjald og 1,5% eingöngu fjármagnstekjur. 14,5% segja launagreiðslur blandaðar og greiða sér ýmist mánaðarlaun, árlegt endurgjald og/eða fjármagnstekjur.

Mynd 9: Hvernig er launagreiðslum til þín háttað?



10. Hvernig ákvarðar þú þá upphæð sem þú greiðir þér í laun?

Svarendur gátu merkt við einn af fjórum valmöguleikum, þ.e.; kjarasamningar starfsgreina sem svipa til minna starfa, er í stéttarfélagi og fer eftir samningum, miða mig við aðra í sömu starfsgrein eða annað.

Það sem kom meðal annars í ljós við rýningu svara við þessari spurningu er að mikill meirihluti þeirra 72 svarenda sem eru með hæstu tekjurnar, yfir 5 milljónir, greiða sér út laun mánaðarlega, eða 72%. 33, eða 46% af tekjuhæsta hópnum, eru eingöngu sjálfstætt starfandi.


Þeir 41 svarendur sem eru með undir einni milljón í laun og greiða sér eingöngu mánaðarlaun eru 24, eða 58,5%. 16 af þessum 24 eru eingöngu sjálfstætt starfandi en 8 eru bæði launþegar og sjálfstætt starfandi. Af þeim 79 svarendum sem voru með 1 – 5 milljónir á mánuði voru 47 sjálfstætt starfandi, eða 59%, og 30 þeirra, eða 38%, greiddu sér út laun mánaðarlega.

Einungis 9% svarenda, eða 18, svöruðu að þeir væru í stéttarfélagi og færu eftir samningum. 4% svarenda eða 7, sögðust miða sig við kjarasamninga í svipaðri grein. 83 svarendur, eða 42%, sögðust miða sig við aðra í svipaðri starfsgrein. 14 svarendur skiluðu auðu eða 7%.

11. Annað

Alls völdu 74 eða 38% svarenda „annað“ við spurningu 10 um hvernig laun eru ákvörðuð. Fyrir þá sem svöruðu með þessum hætti opnaðist viðbótarvalmöguleiki í könnuninni þar sem þeim bauðst að skrifa stuttan texta um hvernig launagreiðslum þeirra er háttað. Samantekin svör leiða í ljós að algengast er að laun séu greidd miðað við innkomu. Nokkrum sinnum var tekið fram að þau laun væru lægri en mannsæmandi laun. Sex svarendur segjast þiggja listamannalaun og fá hlut af veltu á seldum vörum. Þrír þiggja ellilífeyri og hlut af veltu á seldum vörum. Þó nokkrir sögðu að tekjur þeirra rokkuðu á milli mánaða og væri sjaldan þau sömu. Enn aðrir miðuðu laun sín við listamannalaun eða prósentu af vinnuframlagi og útseldri vinnu við greiðslu launa.

Mynd 10: Hvernig ákvarðar þú þá upphæð sem þú greiðir þér í laun?



12. Greiðir þú í stéttarfélag?

Hér gátu svarendur merkt við; Já, nei eða vil ekki svara. Sex svarendur (3%) völdu að svara ekki þessari spurningu. 121 eða 62% svöruðu henni játandi á meðan 69 eða 35% svöruðu neitandi.

Mynd 11: Greiðir þú í stéttarfélag?



13. Greiðir þú í lífeyrissjóð?

Sömu svarmöguleikar voru í boði í þessari spurningu og þeirri fyrri eða; Já, nei eða vil ekki svara. Fjórir (2%) vildu ekki svara spurningunni. 170 svarendur svöruðu já eða 87% á meðan 22, eða 11% svöruðu neitandi.

Mynd 72: Greiðir þú í lífeyrissjóð?



14. Greiðir þú í aukalífeyrissjóð?

Sömu svarmöguleikar voru í boði; Já, nei eða vil ekki svara. Fimm vildu ekki svara og einn skilaði auðu, samtals 3% svarenda. 110 svarendur eða 41% svöruðu játandi en 80 svarendur, eða 56% neitandi.


Mynd 83: Greiðir þú í aukalífeyrissjóð?



15. Sem sjálfstætt starfandi/einrki, hvaðan stundar þú vinnu þínu?

Svarendur gátu merkt við fleiri en eitt atriði við þessari spurningu; Að heiman, leigi starfsaðstöðu, leigi starfsaðstöðu með fleirum, á kaffihúsi, vinn á starfsstöð verkkaupa eða annað. Þó spurningin hafi verið merkt sem áskilið að svara, var hægt að sleppa því að svara henni. 34 svarendur kusu að skila auðu, eða 17%. Mikill hluti sjálfstætt starfandi starfa eingöngu heiman að frá sér, eða 31%. 9% segjast leigja sér starfsaðstöðu, einir eða með öðrum og 6% starfa eingöngu frá starfsstöð verkkaupa. Svarendur sem blanda vinnuaðstöðu sinni á milli ólíkra staða eru 32% af 196 svarendum.

Mynd 94: Sem sjálfstætt starfandi, hvaðan stundar þú vinnu?




16. Sem sjálfstætt starfandi/ einrki, hvaðan færðu verkefni?

Við þessari spurningu gátu svarendur einnig valið fleiri en einn svarmöguleika en þeir voru; Svvara starfsauglýsingu, er skráð/ur á vefsíðu, vinna fyrir sjálfa/n mig, fæ ábendingar um verkefni í gegnum tengslanet, er með fasta viðskiptavini, það er bent á mig í gegnum tengslanet eða annað. Þó spurningin hafi verið merkt sem áskilið að svara, var hægt að sleppa því að svara sökum formgalla á könnun. 41 svarandi valdi „*annað*“ eða skilaði auðu við þessa spurningu, eða 21% svarenda. Allur gangur var á því hvernig svarendur verða sér úti um verkefni, en minnst er um að svarendur svari starfsauglýsingum.

33, eða 17% svarenda, starfa eingöngu fyrir sjálfa sig, en 63 vinna fyrir sjálfa sig meðfram öðrum verkefnum, eða 32%. Í svörum við þessari spurningu kom bersýnilega í ljós hversu mikilvægt tengslanetið er í skapandi greinum, en 104, eða 53% svarenda, segjast fá verkefni í gegnum tengslanet. 50 svarendur, eða 24% eru með fasta viðskiptavini að hluta, en átta að fullu. 23 eru skráðir á vefsíður en einungis fjórir þeirra fá störf eingöngu þaðan.

Mynd 15: Sem sjálfstætt starfandi/einyrki, hvaðan færðu verkefni?



17. Höfðu samkomutakmarkanir áhrif á tekjur þínar á tímum Covid 19?

Hér gátur svarendur valið einn af þremur svarmöguleikum; Já, nei eða vil ekki svara.

Meirihluti svarenda telja að samkomutakmarkanir hafi haft áhrif á tekjur þeirra á tímum Covid 19. Þannig svöruðu 119 svarendur, eða 60%, því játandi en 72 svöruðu neitandi eða 37%. Fimm svarendur kusu að svara ekki. Mikill meirihluti þeirra sem svaraði að samkomutakmarkanir hefðu ekki haft áhrif á tekjur þeirra eru starfandi innan bókmennta, eða 60% þeirra sem svöruðu spurningunni neitandi. Af þeim 119 sem sögðu að Covid 19 hefði haft

áhrif á tekjur þeirra voru 69, eða 58%, í störfum tengdum sviðslistum, tónlist eða kvikmyndum og sjónvarpi.

Mynd 16: Höfðu samkomutakmarkanir áhrif á tekjur þínar á tímum Covid 19?




Fyrir þá sem svöruðu spurningu 17 játandi, opnaðist auka spurning sem hljóðaði svo;

18. Hafðir þú rétt til atvinnuleysisbóta eða annara opinberrar fjárhagsaðstoðar?

Af þeim 119 svarendum sem töldu að samkomutakmarkanir hefðu haft áhrif á tekjur þeirra höfðu 48 rétt til atvinnuleysisbóta eða annarrar opinberrar fjárhagsaðstoðar, eða 40%. 71 eða 60% höfðu ekki rétt á neinni fjárhagslegri aðstoð.

Mynd 107: Hafðir þú rétt til atvinnuleysisbóta eða annara opinberrar fjárhagsaðstoðar?




Bakgrunnsbreytur

19. Aldur

Svarendur gátu merkt við eitt af eftirfarandi; 24 ára eða yngri, 25 – 39, 40 – 49, 50 – 59, 60 ára eða eldri. Af 196 svarendum voru einungis 4 á yngsta aldrarsbilinu, 24 ára eða yngri, 46 á aldrinum 25-39 ára, 55 á aldrinum 40-49, 41 á aldrinum 50-59 og 50 voru 60 ára eða eldri.


Mynd 18: Aldur þátttakenda



20. Kyn

Svarendur gátu merkt við einn af fjórum möguleikum; Karl, Kona, Kynsegin/annað eða Gef ekki upp. Af þeim 196 sem svöruðu því játandi eða að hluta að þeir störfuðu innan skapandi greina, voru 102 konur, 90 karlar, 1 kynsegin og 3 sem völdu að gefa ekki upp kyn sitt.


Mynd 119: Kyn þátttakenda



21. Búseta

Svarendur gátu merkt við einn af eftirtöldum landshlutum; Höfuðborgarsvæðið, Vesturland, Vestfirðir, Norðurland vestra, Norðurland eystra, Austurland, Suðurland, Suðurnes eða Erlendis. Meirihluti svarenda eru búsettir á höfuðborgarsvæðinu, eða 168 af 196, sem gerir 86% hlutfall.

Mynd 20: Búseta þátttakenda




22. Hæsta menntunarstig

Svarendur gátu merkt við einn af fjórum valmöguleikum; Grunnskóli, Stúdent eða iðnmennt, Háskólagráða grunnnám eða Háskólagráða framhaldsnám. Félag tæknimanna bætti við einum svarmöguleika sem var Diplóma eða önnur sérmenntun.

Svarendur með framhaldsmenntun í háskóla voru 42,5%. Þeir sem eru með grunnnám í háskóla voru 34,5% svarenda, 13% eru með stúdentspróf sem hæsta menntunarstig, 4% með diplómu eða aðra sérmenntun og 6% höfðu grunnskólapróf sem hæsta menntunarstig.

Mynd 21: Hæsta menntunarstig



Niðurstöður

Þó svo að störf sem einkennast af styttri verkefnum séu ekki ný af nálinni, samanber störf sjálfstætt starfandi iðnaðarmanna sem sinna tímabundnum verkefnum, þá hafa störf sem sinnt er á stafrænum vettvangi vakið sérstaka athygli verkalýðsfélaga og skattayfirvalda í löndunum í kringum okkur. Oftar en ekki er það starfs- og fjárhagslegt öryggi sem og greiðsla opinberra gjalda sem horft er til í þessu tilliti. Horfa þarf til þess á Íslandi hvernig hægt er að laga skattalegt umhverfi þeirra sem starfa í svokölluðu gigg hagkerfi.

Niðurstöður könnunar meðal félagsmanna í sex fagfélögum atvinnugreina innan skapandi greina gefa skýrt til kynna að skoða þurfi sérstaklega starfsumhverfi sjálfstætt starfandi/einyrkja. Niðurstöðurnar gefa bæði til kynna brotalamir í núverandi kerfi, sem og mikinn skort á starfsöryggi og þekkingu á réttindum. Sem dæmi: Reglur ríkisskattsstjóra segja til um að þeir sem hafi árslaun yfir 450 þúsund krónur þurfi að gera laun sín upp við skattinn mánaðarlega. Samkvæmt niðurstöðum spurningakönnunar gefa hins vegar 13% svarenda upp árlegt endurgjald þrátt fyrir að hafa tekjur yfir 450 þúsund á ári. Í mörgum tilfellum myndi það því henta sjálfstætt starfandi innan skapandi greina að hefja rekstur sem ársmenn (greiða árlegt endurgjald) þar sem tekjur geta verið óstöðugar á milli mánaða og þar af leiðandi dýrt fyrir nýjan rekstur að hafa starfsmann á launagreiðendaskrá. Til þess að slíkt mætti vera, þyrfti að hækka árslaunatöluna sem skattstjóri gefur upp sem hámark launa til að mega vera ársmaður.

Þó skýrsluhöfundur hafi í upphafi gert sér ljóst að fjöldi þeirra sem starfa innan skapandi greina starfi þvert á greinar eða taki að sér ýmis störf innan sinnar greinar, kom á óvart hversu margir gera það eða 20% af svarendum könnunarinnar. Rithöfundar eru þeir sem í flestum tilvikum taka að sér ólík störf, s.s. í fjölmiðlum og við þýðingar en sviðslistafólk tekur einnig að sér verkefni í kvikmyndum og sjónvarpi.

41% svarendar segjast vera sjálfstætt starfandi/einyrki, 30% launþegar og 27% hvoru tveggja sjálfstætt starfandi og launþegi. 83% þeirra segjast sinna aukaverkefnum í eigin sérgrein. Hátt hlutfall sjálfstætt starfandi kemur ekki á óvart en það er mun hærra en kemur fram í gögnum Eurostat t.d. þar sem 13% á vinnumarkaði eru sjálfstætt starfandi. Ef rýnt er í heildartekjur sem þessir aðilar segjast hafa þá starfa 21% þeirra, sem höfðu minna en 1 milljón í laun sl. 12 mánuði á eigin kennitölu, 40% þeirra sem voru með 1-5 milljónir og 37% þeirra sem voru með yfir fimm milljónir. Þannig voru 61% sjálfstætt starfandi með undir 5 milljónum í tekjur sl. 12 mánuði. Þessi niðurstaða sýnir klárlega mikilvægi þess að menningarvísar Hagstofu nái í framtíð betur til þessa hóps starfandi innan skapandi greina, s.s. með því að fá gögn um sjálfstætt

starfandi/einrykja úr skattframtölum, sem og að lækka 5 milljóna króna viðmið um veltu rekstraraðila.

Meirihluti svarenda eða 57% segjast starfa á eigin kennitölu en einungis 23% starfa á kennitölu fyrirtækis og 9% segjast starfa undir kennitölu samlags- eða sameignarfélags. 7% starfa bæði á eigin kennitölu og kennitölu fyrirtækis. Af þeim gefa 64% upp laun mánaðarlega en 20% greiða árlegt endurgjald, 1,5% greiða sér fjármagnstekjur og 14,5% blandaðar launatekjur. Hæsta hlutfall þeirra sem greiða sér laun mánaðarlega er meðal þeirra sem höfðu yfir 5 milljónir í tekjur sl. 12 mánuði, eða 72%. Sbr. reglu ríkisskattstjóra ætti herra hlutfall að greiða laun mánaðarlega sem gefur vísbendingu um að hér þurfi að skoða núverandi skattalög sbr. hér að ofan.

Mikill meirihluti sjálfstætt starfandi/einrykja greiðir í lífeyrissjóð, eða 87% og 41% greiðir í aukalífeyrissparnað. 62% svarenda greiða í stéttarfélag.

31% sjálfstætt starfandi/einrykja starfa heiman frá sér á meðan 32% segjast blanda því saman. Nokkur fjöldi starfar hjá verkkaupa en einungis 9% segjast leigja sér aðstöðu. Tengslanet skiptir mjög miklu máli innan skapandi greina og það sýna niðurstöður mjög skýrt en 53% svarenda segjast fá verkefni í gegnum tengslanet og 25% hafa fasta viðskiptavinum að hluta.

Covid-19 virðist sömuleiðis hafa haft nokkuð mikil áhrif á þær fagstéttir sem svöruðu könnuninni en 60% svarenda segja að Covid-19 hafi haft mikil áhrif á fjárhagslega afkomu þeirra. Minnst voru áhrifin meðal þeirra sem starfa innan bókmennna. Af þeim sem svöruðu að Covid-19 hefði haft mikil áhrif, áttu einungis 40% rétt á atvinnuleysisbótum eða annarri opinberri fjárhagsaðstoð. Þessar niðurstöður eru mjög mikilvægar og þarf að rýna nánar en ljóst er að stór hluti sjálfstætt starfandi innan skapandi greina átti ekki bótarétt þegar Covid-19 skall á. Núverandi reglur um mánaðarlega greiðslu tryggingargjalds eiga í mörgum tilfellum illa við vinnuumhverfi og tekjuöflun sjálfstætt starfandi innan skapandi greina og þannig lenti þessi hópur milli stafs og bryggju þegar Covid-19 skall á.

Til að sannreyna niðurstöður könnunarinnar leitaði höfundur til Vinnuálastofnunar til að fá upplýsingar um hversu margir innan skapandi greina hefðu leitað til þeirra og átt bótarétt en sökum þess að stofnunin var að taka upp nýtt upplýsingakerfi á þeim tíma sem upplýsinga var óskað var ekki hægt að nálgast nein gögn. Brynt er að stjórnvöld skoði ofan í kjölinn hver staða sjálfstætt starfandi/einrykja er í þessu tilliti og geri nauðsynlegar lagabreytingar til að tryggja þeim meira og betra starfsöryggi og bótarétt.

Til að auðvelda samanburð á stöðu sjálfstætt starfandi innan skapandi greina, væri æskilegt að ólík lönd myndu samhæfa atvinnugreinaflokkun og skilgreiningar á því hvað telst vera sjálfstætt starfandi og/eða einyrki. Atvinnugreinaflokkun er að mörgu leyti sambærileg innan ríkja OECD og ef vinna við notkun hennar væri samhæfðari meðal ríkjanna myndi það auðvelda alla samanburðarvinnu. Rannsakandi leggur einnig til endurskilgreiningu á lögum um verktöku á Íslandi sem eru síðan 1930 og samræmi skilgreininguna við löndin í kringum okkur. Í lögnum eru m.a. talin upp starfsheiti sem eru orðin eru úrelt, s.s. starfsmenn á gufuskípum, en einnig eru ákvæði í lögnum sem ná ekki yfir þau sem vinna störf þar sem húsnæði og fæði er hluti verkkaups. Samhliða endurskilgreiningu er mikilvægt að lagarammi og reglur skattyfirvalda taki til nýrra eða breyttra starfa á stafrænum vettvangi.

Niðurstöður eigindlegar rannsóknar

Í framhaldi af meginlegri rannsókn ákvað rannsakandi að fara dýpra í viðfangsefnið með því að beita eigindlegum rannsóknaraðferðum og freista þess að fá betri mynd af starfsumhverfi sjálfstætt starfandi innan menningar- og skapandi greina. Tekin voru viðtöl við sex einstaklinga sem starfa innan greinanna. Þátttakendur voru allir af höfuðborgarsvæðinu og á aldursbilinu 30 – 68 ára. Þeir komu úr þremur greinum; tónlist, bókmenntum og hönnun. Allir þátttakendur nema einn stunduðu störf, eða þáðu tekjur, samhliða sjálfstæðum verkefnum. Öll voru þau fjölskyldufólk í eigin húsnæði.

Eftirtaldir spurningar voru lagðar fyrir þátttakendur auk bakgrunnsspurninga;

- 1:** Hver eru þín helstu verkefni sem sjálfstætt starfandi og hvaðan stundar þú þau?
- 2:** Starfar þú á eigin kennitölu eða kennitölu fyrirtækis? Ef á kennitölu fyrirtækis, hvernig er rekstarformi þínu háttað (ehf eða slf.).
- 3:** Þegar þú reiknar þér laun (reiknað endurgjald) ferðu eftir viðmiðunarfjárhæðum ríkisskattstjóra?
- 4:** Hvaða kunnáttu hefurðu á gagnaskilum til hins opinbera?
- 5:** Ertu með bókara eða endurskoðanda?
- 6:** Geturðu lifað af tekjum þínu sem skapandi einstaklingur?

7: Telur þú þig búa við efnahagslegt öryggi? (Ef svarið er nei af hverju ekki?)

8: Þykir þér starfsumhverfi sjálfstætt starfandi innan menningar og skapandi greina aðlaðandi umhverfi?

9: Hefur þú nýtt þér félagasamtök þinnar stéttar?

10: Greiðir þú reglulega í lífeyrissjóð og veistu hver réttindi þín þar eru?

11: Myndirðu gera eitthvað öðruvísi í dag ef þú værir að byrja að feta sömu braut?

Helstu áskoranir sem voru nefndar voru;

Vanþekking á viðmiðunarfjárhæð ríkisskattstjóra

Vanþekking á gagnaskilum

Skortur á fjárhagslegu öryggi

Óréttlátir útreikninga bótaréttar

Endurskoða þarf hlutverk fagfélaga

Endurskoða þarf skattaleg réttindi til að gerast ármenn

Útskýra þurfti fyrir öllum viðmælendum hvað átt væri við með starfsumhverfi, að um væri að ræða fjárhagslegt umhverfi, svo sem uppgjör til skattayfirvalda og réttindi sem þeir ávinna sér sem sjálfstætt starfandi. Helmingur þátttakenda, eða þrír, héldu að þeir væru líklega ekki réttu viðmælendurnir þar sem þeir hefðu litla sem enga þekkingu á fjárhagslegu umhverfi sjálfsætt starfandi. Rannsakandi óskaði engu að síður eftir viðtali við þá einstaklinga og taldi nauðsynlegt að fá innsýn í starfsumhverfi þeirra sem telja sig þekkja lítið til eigin starfsumhverfis.

Enginn þátttakenda miðaði sig sérstaklega við viðmiðunarfjárhæð ríkisskattstjóra þegar viðkomandi reiknaði sér reiknað endurgjald. Allur gangur var á því hvernig einstaklingurinn verðlagði vinnu sína, þannig var t.d. nefnt viðmið við starfslaun listamanna eða fyrirspurn í kunningjahópi.

Allir viðmælendur nýttu sér þjónustu fagaðila til að gera skattaskýrslur og að fá aðstoð við að reikna út opinber skyldugjöld. Í svörum viðmælendanna kom berlega í ljós að miðað við þær forsendur sem voru fyrir handi gat aðeins 1 þátttakandi af 6 lifað einvörðungu af tekjum af eigin listsköpun.

Af sex þátttakendum sögðust fjórir 4 af 6 hafa sótt um styrki og/eða starfslaun listamanna og einn af þeim tók sérlega fram að útilokað væri að lifa af sköpuninni ef ekki kæmi til opinber stuðningur. Sá sagði að umsóknarferlið væri hannað fyrir einhverja aðra en listamenn, kerfið væri sniðið fyrir vísindaverkefni eða fyrir húsbyggingar, ekki listgreinar. Fram kom hjá viðmælendum að ef styrkir eða starfslaun fáist þá veiti það ákveðið frelsi og skapi fjárhagslegt öryggi.

Einn viðmælandi var á leið í fæðingarorlof. Sá starfar í eigin sameignarfélagi en sinnir einnig kennslu í sínu fagi á háskólastigi. Hann sótti sér viðbótarnám, við sama skóla, til að geta sinnt kennslu til hliðar við listsköpun sína en fær námið ekki metið til launa þar sem skólinn er undanskilinn samningnum sem gerðir voru við tónlistarskóla þótt þar sé boðið upp á tónlistarnám. Viðmælandinn hafði starfað við skólann í sex ár en ekki enn verið fastráðinn þar sem skólinn var fjársveltur og viðkomandi starfaði því sem verktaki. Þegar hann sótti námið, samhliða kennslu, fékk hann ekki afslátt af skólagjöldum því hann var ekki fastráðinn. Viðmælandi fékk 230,000 krónur á mánuði í fæðingarorlof í sjö og hálfan mánuð. Ástæða lágra fæðingarorlofsgreiðslu var sú að viðkomandi var með ótryggar tekjur 18 mánuði fyrir fæðingu, meðal annars vegna heimsfaraldurs, en orlof miðast við meðallaun á 12 mánuðum 6 mánuðum fyrir áætlaðan fæðingardag. Dæmi um það er sú umræða sem skapaðist í samfélaginu þegar Margrét Erla Maack safnaði á Karolina Fund til að eiga möguleika á að komast í fæðingarorlof. Reglur um rétt til fæðingarorlofs er að mörgu leyti óhentugar sjálfstætt starfandi einstaklingum. Tímabil sem nýtt er til útreikninga réttar til orlofs hentar vel einstaklingum sem hafa verið fastir launamenn tekjuárið fyrir fæðingu barns, en síður þeim sem eru sjálfstætt starfandi með flöktandi tekjur.

Allir viðmælendur sögðust án efa myndu feta sömu braut ef þeir væru að byrja sinn starfsvettvang í dag. Flestir þeirra sögðust hefðu viljað fá betri kennslu í fjármálalæsi.

Í niðurstöðum beggja rannsóknanna kemur í ljós skortur á þekkingu á fjármálaumhverfi hins opinbera á meðal sjálfstætt starfandi innan menningar og skapandi greina. Efla þyrfti fjármálalæsi og kunnáttu þeirra á gagnaskilum til hins opinbera til muna.

Í eigindlega hluta rannsóknarinnar tók einn þátttakandi sérstaklega fram að áherslur fagfélaganna væru ekki nægilega hnitmiðaðar þegar kemur að félagsmönnum sem hafa aðalstarfa af sköpun sinni, heldur sé reynt að höfða til allra félagsmanna sem margir hverjir sinna sköpun í hlutastarfi. Barátta fagfélagana myndi eflaust taka breytingum ef meiri áhersla yrði lögð á að bæta starfsumhverfi þeirra sem hafa fullt viðurværi af sköpun sinni.

Það þykir ekki fýsilegur kostur að hefja starf sem sjálfstætt starfandi einstaklingur á eigin kennitölu og skrá sig á launagreiðendaskrá og byrja ferilinn á því að greiða opinber gjöld af tekjum sem enn hafa ekki myndast. Það er eflaust ekki óþekkt að við upphaf eigin reksturs geti tekið tíma að safna að sér verkefnum og koma sér upp orðspori í sinni grein. Fýsilegri kostur væri að nýjum rekstraraðilum sem nota eigin kennitölu stæði til að boða að gerast ársmenn og til að það mætti verða yrði ríkisskattstjóri að hækka núverandi upphæð sem leyfileg er við árleg skil ársmanna.

Þó viðmælendur bendi á að skapandi einstaklingar ættu eflaust ekki að einbeita sér að því að læra á rekstrarumhverfi, þá væri gagnlegt að efla fjármálalæsi áður en einstaklingar hefja sérnám í sinni listgrein. Sjálfstætt starfandi innan skapandi greina sinna oftast tímabundnum verkefnum og eru oft en ekki með færanlega starfsstöð. Þeir taka á sig tekjuskerðingu þegar efnahagslegir erfiðleikar steðja að og sérfræðimenntaðir innan greinanna þurfa að meðaltali að sætta sig við lægri laun sé menntun þeirra borin saman við sérfræðinga með sambærilega menntun.

Heimildaskrá

- Alexander S. Gillis. (15. Júlí 2022). *Definition Gig Economy*. Sótt frá Techtarget: <https://www.techtarget.com/whatis/definition/gig-economy>
- Álfrún Pálsdóttir. (21. Október 2021). *Samtök skapandi greina blása til sóknar*. Sótt frá Hönnunarmiðstöð: <https://www.honnunarmidstod.is/ha-frettir/samtok-skapandi-greina-blasa-til-soknar>
- Alþingi. (19. Maí 1930). *Lög um greiðslu verkkaups*. Sótt frá Alþingi.is: <https://www.althingi.is/lagas/nuna/1930028.html>
- Alþingi. (30. Janúar 1995). *Lög um hlutafélög*. Sótt frá Alþingi : <https://www.althingi.is/lagas/nuna/1995002.html>
- Árelía Guðmundsdóttir & Herdís Pála Pálsdóttir. (2021). *Völundarhús tækifæranna*. Reykjavík: Veröld.
- Axel Jón Ellenarson. (20. Desember 2021). *Ertu gígari*. Sótt frá Sameyki: <https://www.sameyki.is/frettir/pistlar/stakir-pistlar/2021/12/20/Ertu-giggari/>
- Bandala háskólamanna. (2022). *Sjálfstætt starfandi*. Sótt frá bhm: <https://www.bhm.is/kaup-og-kjor/sjalfstaett-starfandi/>
- Berndsen, S. B. (29. September 2022). Staða sjálfstætt starfandi hjá VMST. (H. Þórbergisdóttir, Spyrill)
- D.Clark. (2022). *Number of employees in the European Union (EU27) from 1st quarter 2005 to 1st quarter 2022*. Sótt frá Statista: <https://www.statista.com/statistics/570993/employees-in-europe/>
- D.Clark. (9. Mars 2022). *Number of self-employed people in the EU 2011-2020*. Sótt frá Statista: <https://www.statista.com/statistics/946989/self-employed-persons-in-eu/>
- Department for Digital, Culture, Media & Sport. (9. Apríl 2001). *Creative Industries Mapping Documents 2001*. Sótt frá Gov.uk: <https://www.gov.uk/government/publications/creative-industries-mapping-documents-2001>
- Editors EurWork. (23. Mars 2018). *Gig economy*. Sótt frá EurWORK: <https://www.eurofound.europa.eu/observatories/eurwork/industrial-relations-dictionary/gig-economy>
- Erla Rún Guðmundsdóttir. (2022). *Starfandi í atvinnugreinum menningar samkvæmt skrá*. Reykjavík: Hagstofa Íslands. Sótt frá chrome-extension://efaidnbmninnibpcajpcglclefindmkaj/http://hagstofan.s3.amazonaws.com/media/public/2019/6789af40-1ac4-4d0e-9788-c62fd4fe77fb.pdf
- European Commission. (30. Maí 2018). *REGULATION OF THE EUROPEAN PARLIAMENT AND OF THE COUNCIL establishing the Creative Europe programme*. Sótt frá Eur-Lex: <https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?uri=COM%3A2018%3A366%3AFIN>
- Eurostat. (12. Júlí 2022). *Cultural employment by sex*. Sótt frá Eurostat Data Browser: https://ec.europa.eu/eurostat/databrowser/view/CULT_EMP_SEX__custom_3160793/default/bar?lang=en
- Eurostat. (12. Júlí 2022). *Employment and activity by sex and age - annual data*. Sótt frá Eurostat Data Browser:

- https://ec.europa.eu/eurostat/databrowser/view/LFSI_EMP_A/default/bar?lang=en&category=labour.employ.lfsi.lfsi_emp
- Eurostat. (Febrúar 2022). *Employment in detail - quarterly statistics*. Sótt frá Eurostat: https://ec.europa.eu/eurostat/statistics-explained/index.php?title=Employment_in_detail_-_quarterly_statistics#Self-employment:_outline_and_latest_developments
- EurWork. (22. Febrúar 2019). *Self-employed person*. Sótt frá Eurofound: <https://www.eurofound.europa.eu/observatories/eurwork/industrial-relations-dictionary/self-employed-person>
- Evans, Claire. (30. Júlí 2019). *United Kingdom: Latest developments in working life Q2 2019*. Sótt frá Eurofound: <https://www.eurofound.europa.eu/publications/article/2019/united-kingdom-latest-developments-in-working-life-q2-2019>
- Evrópusambandið. (21. Desember 2021). *Commission proposals to improve the working conditions of people working through digital labour platforms*. Sótt frá Evrópusambandið: https://ec.europa.eu/commission/presscorner/detail/en/ip_21_6605
- Félagsmálaráðuneytið. (1998). *Reglugerð um Tryggingasjóð sjálfstætt starfandi einstaklinga*. Sótt frá Félagsmálaráðuneytið: <https://www.reglugerd.is/reglugerdir/allar/nr/1441>
- Freelancers Union. (2020). *Freelancers are driving the economy*. Sótt frá Freelancers Union: <https://www.freelancersunion.org/about/>
- Greiningardeild BHM. (5. Október 2021). *Menningargreinar dragast mikið saman*. Sótt frá BHM.is: <https://www.bhm.is/greinar/menningargreinar-dragast-mikid-saman>
- Hagstofa Íslands. (12. Desember 2019). *15.400 manns starfa við menningu*. Sótt frá Hagstofa Íslands: <https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/menning/starfandi-i-menningu/>
- Hagstofa Íslands. (11. Janúar 2022). *Fjöldi skráðra fyrirtækja og félaga eftir rekstrarformum*. Sótt frá Hagstofa Íslands: https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Atvinnuvegir/Atvinnuvegir__fyrirtaeki__fjoldi__fyrirtaeki/FYR01002.px/table/tableViewLayout1/?rxid=c90382b8-d806-4b45-9e54-f8728c032c00
- Hagstofa Íslands. (2. September 2022). *Fjöldi skráðra fyrirtækja og félaga eftir rekstrarformum 2005-2021*. Sótt frá Hagstofa Íslands: https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Atvinnuvegir/Atvinnuvegir__fyrirtaeki__fjoldi__fyrirtaeki/FYR01002.px/table/tableViewLayout1/?rxid=c90382b8-d806-4b45-9e54-f8728c032c00
- Hagstofa Íslands. (2022). *Hagrænir mælikvarðar*. Sótt frá Hagstofa Íslands: <https://hagstofa.is/talnaefni/samfelag/menning/hagraenir-maelikvardar/>
- Hagstofa Íslands. (2022). *Starfandi við menningu eftir kyni og ráðningarsambandi 2003-2021*. Sótt frá Hagstofa Íslands: https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Samfelag/Samfelag__menning__6_hagraenirmaelikvardar/MEN10102.px
- Hagstofa Íslands. (2022). *Starfandi við menningu eftir kyni, aðal- og aukastarfi 2003-2021*. Sótt frá Hagstofa Íslands: https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Samfelag/Samfelag__menning__6_hagraenirmaelikvardar/MEN10104.px/table/tableViewLayout1/?rxid=a7e6c58a-3df8-4fa2-8277-8f374d966cf9

-
- Hagstofa Íslands. (2022). *Um menningarvísa*. Sótt frá Hagstofa:
<https://visar.hagstofa.is/menningarvisar/about/>
- Hagstofan. (2022). *Fjöldi launagreiðenda eftir stærð*. Sótt frá Hagstofan:
https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Atvinnuvegir/Atvinnuvegir__fyrirtaeki__fjoldi__launagreiðendur/FYR01205.px/table/tableViewLayout1/?rxid=b7f7e61f-dbe3-4836-8e2f-85bcfba52c1a
- Hagstofan. (11. Janúar 2022). *Fjöldi skráðra fyrirtækja og félaga eftir rekstrarformum 2005-2021*. Sótt frá Hagstofa Íslands:
https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Atvinnuvegir/Atvinnuvegir__fyrirtaeki__fjoldi__fyrirtaeki/FYR01002.px/table/tableViewLayout1/?rxid=c90382b8-d806-4b45-9e54-f8728c032c00
- Halldórsson, H. (9. október 2022). Um skattamál. (H. Þórbergsdóttir, Spyrill)
- Húnbogi Þorsteinsson. (1997). *Reglugerðasafn*. Sótt frá Reglugerð:
<https://www.reglugerd.is/reglugerdir/allar/nr/1429>
- Húnbogi Þorsteinsson. (2013). *Reglugerð um bótarétt sjálfstætt starfandi einstaklinga úr Atvinnuleysistryggingasjóði*. Reykjavík: Félagsmálaráðuneytið.
- ILO. (2021). *Digital labour platforms have grown exponentially in the past decade, increasing from at least 142 in 2010 to over 777 in 2020*. ILO. Sótt frá
<https://ilo.org/infostories/Campaigns/WESO/World-Employment-Social-Outlook-Report-2021#digital-labour-platform/types>
- Jón Trausti Reynisson. (20. Ágúst 2022). *Tekjulistar gefa villandi*. Sótt frá Stundin:
<https://stundin.is/grein/15656/tekjulistar-gefa-villandi-mynd-af-fraegum-og-rikum/>
- Jorge Liboreiro. (9. Desember 2021). *New EU rules could turn 4.1 million gig workers into regular employees*. Sótt frá Euronews: <https://www.euronews.com/my-europe/2021/12/09/new-eu-rules-could-turn-4-1-million-gig-workers-into-regular-employees>
- Kleiner, M. (2017). *Regulating Access to Work in the Gig Labor*. Minnesota: W.E. UPJOHN INSTITUTE.
- Lamia Kamal-Chaoui . (2022). *The Culture Fix*. Paris: OECD publishing. Sótt frá
<https://doi.org/10.1787/991bb520-en>
- Landssamtök lífeyrissjóða. (2022). *Sjálfstætt starfandi*. Sótt frá Lífeyrismál:
<https://www.lifeyrismal.is/is/spurt-og-svarad/sjalfstaett-starfandi>
- Lewis, F. (2021, Nóvember 21). *What Is the Gig Economy?* Retrieved from the balance:
<https://www.thebalance.com/what-is-the-gig-economy-5194014>
- Lilja Alfreðsdóttir. (1. Febrúar 2022). *Kynning á nýju menningar- og viðskiptaráðuneyti*. Sótt frá Stjórnarráð Íslands: <https://www.stjornarradid.is/raduneyti/menningar-og-vidskiptaraduneytid/kynning-a-nyju-menningar-og-vidskiptaraduneyti/>
- Margrét Sigurðardóttir og Tómas Young. (2011). *Kortlagning á hagrænum áhrifum skapandi greina*. Stjórnarráðið.
- Menningar- og viðskiptaráðuneytið. (án dags.). *Skapandi greinar*. Sótt frá Stjórnarráð Íslands:
<https://www.stjornarradid.is/verkefni/atvinnuvegir/skapandi-greinar/>

- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2013). *Aðalnámskrá grunnskóla*. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneyti.
- Migration and Home Affairs. (14. Júlí 2022). *self-employed person - Definition*. Sótt frá European Commission: https://home-affairs.ec.europa.eu/pages/glossary/self-employed-person_en
- Nesta. (28. Júní 2022). *National Statistics on the Creative Industries*. Sótt frá Pec: <https://pec.ac.uk/news/national-statistics-on-the-creative-industries>
- OECD. (2020). *Model Rules for Reporting by Platform Operators with respect to Sellers in the Sharing and Gig Economy*. Paris: OECD.
- OECD. (19. Apríl 2021). *The Impact of the Growth of the Sharing and Gig Economy on VAT/GST Policy and Administration*. Sótt frá OECD library: <https://www.oecd-ilibrary.org/sites/51825505-en/index.html?itemId=/content/publication/51825505-en>
- OECD data. (7. Júlí 2021). *Self-employment rate*. Sótt frá OECD data: <https://data.oecd.org/emp/self-employment-rate.htm#indicator-chart>
- Pat Conaty, Alex Bird, Cilla Ross. (2018). *Working together*. Manchester: Co-operatives UK, .
- Reykjavíkurborg. (2022). *Nýsköpun alls staðar*. Reykjavík: Reykjavíkurborg.
- Ríkisskattstjóri. (2020). *Reglur ríkisskattstjóra um reiknað endurgjald á tekjuárinu 2021*. Reykjavík: Ríkisskattstjóri. Sótt frá file:///C:/Users/heida/Downloads/B_nr_1430_2020.pdf
- Ríkisskattstjóri. (2022). *Reiknað endurgjald 2022*. Sótt frá Skatturinn: <https://www.skatturinn.is/atvinnurekstur/stadgreidsla-og-reiknad-endurgjald/reiknad-endurgjald/2022/#tab2>
- Ritstjórn. (2022). *Nýskapandi*. Sótt frá Stofnun fyrirtækis: https://www.nmi.is/is/frumkvodlar/stofnun_fyrirtaekis
- Seattle Government. (2021). *Transportation Network Company Minimum Compensation Ordinance*. Sótt frá Seattle Gov: <https://www.seattle.gov/laborstandards/ordinances/tnc-legislation/minimum-compensation-ordinance>
- Skatturinn. (2022). *Námskeið í boði*. Sótt frá Skatturinn: <https://www.skatturinn.is/um-rsk/namskeid-i-bodi/>
- Skatturinn. (2022). *Persónuafsláttur og skattur af launum*. Sótt frá Skatturinn: <https://island.is/skattar-einstaklinga>
- Skatturinn. (2. September 2022). *Skil á ársreikningum*. Sótt frá Skatturinn: <https://www.skatturinn.is/fyrirtaekjaskra/arsreikningaskra/skil-a-arsreikningum/nr/1046>
- Skatturinn. (2022). *Skil á ársreikningum*. Sótt frá Skatturinn: <https://www.skatturinn.is/fyrirtaekjaskra/arsreikningaskra/skil-a-arsreikningum/nr/1046>
- Skatturinn. (á.d.). *Almenn skattskylda*. Sótt frá Skatturinn: <https://www.skatturinn.is/atvinnurekstur/skattskylda/almenn-skattskylda/>
- Skatturinn. (á.d.). *Nýir í rekstri*. Sótt frá Skatturinn.
- Skatturinn. (á.d.). *Samlagsfélög*. Sótt frá Skatturinn: <https://www.skatturinn.is/fyrirtaekjaskra/stofnun-felaga-i-atvinnurekstri/samlagsfelog/>

-
- Skatturinn. (á.d.). *Skil á ársreikningum*. Sótt frá Skatturinn:
<https://www.skatturinn.is/fyrirtaekjaskra/arsreikningaskra/skil-a-arsreikningum/nr/1046>
- Skatturinn. (án dags.). *Samlagsfélög*. Sótt 31. Ágúst 2022 frá Skatturinn:
<https://www.skatturinn.is/fyrirtaekjaskra/stofnun-felaga-i-atvinnurekstri/samlagsfelog/>
- Skatturinn. (án dags.). *Um verktaka og einyrkja*. Sótt frá Island.is: <https://island.is/verktakar-einyrkjar>
- Skatturinn, S. a. (3. október 2022). (H.Þ., Spyrill)
- Stafrænt Ísland. (2022). *Um verktaka og einyrkja*. Sótt frá island.is: <https://island.is/verktakar-einyrkjar>
- Stuart Cunningham. (2018). *The Creative Economy in Australia*. Digital Media Research Centre. Sótt frá chrome-extension://efaidnbmnnnibpajpcglclefindmkaj/https://research.qut.edu.au/dmrc/wp-content/uploads/sites/5/2018/03/Factsheet-1-Creative-Employment-overview-V5.pdf
- Stuart Cunningham, Scott Brook, Marion McCutcheon. (2022). *Report 2: Definitions of CCI*. Norðurárdalur: Háskólinn á Bifröst.
- Tina Bellon. (1. April 2022). *Washington governor signs Uber, Lyft driver pay guarantee into law*. Sótt frá Reuters: <https://www.reuters.com/business/autos-transportation/washington-gov-signs-state-wide-uber-lyft-driver-pay-guarantee-into-law-2022-04-01/>
- Travkina & Proto. (2016). *FULFILLING THE POTENTIAL FOR CULTURAL AND CREATIVE INDUSTRIES*. OECD. Sótt frá chrome-extension://efaidnbmnnnibpajpcglclefindmkaj/https://www.oecd.org/cfe/leed/Fulfilling-the-potential-for-CCI-project-description.pdf
- Unesco. (á.d.). *What do we Mean by the Cultural and Creative Industries?*. Unesco.
- Vala Valtýsdóttir. (2010). *Skattaleg mismunun - mismunandi skattlagning eftir rekstrarformi*. Reykjavík: Deloitte.
- Valdis Dombrovskis. (án dags.).
- Vassilis Kostakis. (21. Febrúar 2022). *The European Gig Economy*. Sótt frá European Generation: <https://www.europeangeneration.eu/single-post/the-european-gig-economy>
- Vinnumálastofnun. (13. Ágúst 2022). *Sjálfstætt starfandi*. Sótt frá Vinnumálastofnun: <https://vinnumalastofnun.is/atvinnuleitandi/rettur-til-atvinnuleysisbota/sjalfstaett-starfandi>
- Vinnumálastofnun. (2022). *Greiðslur úr fæðingarorlofssjóði*. Sótt frá Vinnumálastofnun: <https://vinnumalastofnun.is/faedingarorlofssjodur/sjalfstaett-starfandi/greidslur-ur-faedingarorlofssjodi>